MEKKÍN RAGNARSDÓTTIR

*Gæðir sér á grænu tei og goji-berjasafa*

• heilsa

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




GOLF

*Einherjar, klúbburinn sem allir vilja komast í*

Sérblað um golfíþróttina

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






HVERT ÞYKIST ÞÚ VERA AÐ FARA?

KYNNTU ÞÉR KORTAÚRVAL FORLAGSINS

www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. júlí 2009 — 159. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Ólík gildi skólastjóra



Steinunn Helga Lárusdóttir hlaut önnur verðlaun í ritgerðasamkeppni bresku BELMAS-samtakanna.

TÍMAMÓT 14

### ESB veitir öryggi

„ESB veitir margs háttar efnahagslegt öryggi. Evran veitir veigamikla tryggingu gegn óstöðugum gjaldmiðli lítils myntsvæðis," segir Baldur Þórhallsson.

UMRÆÐAN 12

### Opnar Gay Pride



Bubbi Morthens opnar Gay Pride-hátíðina í Háskólabíói þetta árið.

FÓLK 22

### Sigur í fyrsta leik Atla



Sigurbjörn Hreiðarsson tryggði Val 3-2 sigur á KA í framlengingu í VISA-bikar karla í gær.

ÍÞRÓTTIR 17

### VEÐRIÐ Í DAG




**Tíðindalítið veður** Í dag verður hæg breytileg átt um allt land, víða nokkuð bjart en skýjað og súld á stöku stað suðvestantil framan af degi. Hlýjast verður í innsveitum norðaustanlands.

VEÐUR 4

# Björgólfar vilja að Kaupþing afskrifi þrjá milljarða

**Björgólfsfeðgar hafa gert Nýja Kaupþingi tilboð um að greiða um helming af sex milljarða króna skuld þeirra við bankann. Skuldin er tilkomin vegna kaupa Samsonar á hlut ríkisins í Landsbankanum árið 2002.**

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson hafa gert Nýja Kaupþingi tilboð um að greiða um fjörutíu til fimmtíu prósent af tæplega sex milljarða skuld þeirra feðga við bankann, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þeir feðgar vilja borga 500 milljónir af skuld sinni á þessu ári. Skuldin er upphaflega tilkomin vegna kaupa eignarhaldsfélags þeirra, Samsonar, á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum árið 2003.

Krafa Kaupþings á hendur Samson er 4,9 milljarðar króna án dráttarvaxta en kröfulýsingin í þrotabú Samsonar er um 5,9 milljarðar með dráttarvöxtum og öðrum áföllnum kostnaði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Eins og blaðið greindi frá 9. apríl síðastliðinn sögðu heimildir blaðsins að Nýja Kaupþing hefði stefnt þeim feðgum í mars vegna skuldarinnar. Hins vegar barst stefnan þeim feðgum ekki, og er óútskýrt hvers vegna. Feðgarnir eru í persónulegum ábyrgðum vegna skuldarinnar og standi annar þeirra ekki undir ábyrgð fellur hún á hinn. Kaupverð á hlut ríkisins í Landsbankanum árið 2002 var 11,2 milljarðar króna.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings, getur ekki staðfest að málið sé vaxið með þessum hætti. „Það eina sem ég vil staðfesta er að það hafa verið viðræður í gangi um hvernig þeir myndu ljúka þessari skuld." Í sama streng tekur Hulda Dóra Styrmisdóttir, stjórnarformaður bankans. Hún vill ekki svara því hvort henni finnist líklegt að tilboði sem þessu yrði tekið af hálfu stjórnar, en stjórnin þarf að taka ákvörðun um svo stórfellda niðurfellingu skuldar þegar upp er staðið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er tilboð þeirra feðga talið raunhæft innan Kaupþings, og reiknað með að það verði lagt fyrir stjórn bankans.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, vildi ekki tjá sig um málið þegar til hans var leitað í gær. - shá




**FJÓRHJÓLIÐ** Hjólið sem Jón Gunnar hyggst ferðast á yfir landið er sérútbúið og hentar til útivistar. Hann er hér við hliðina á hjólinu, sem hann var á í fjögurra daga veiðiferð fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Gunnar Benjamínsson vekur athygli á aðstöðu fatlaðra á hálendinu:

# Þvert yfir landið á fjórhjóli

**ÚTIVIST** Jón Gunnar Benjamínsson ætlar að ferðast þvert yfir landið á fjórhjóli á næstunni. Jón Gunnar er lamaður fyrir neðan mitti og vill vekja athygli á því að fatlað fólk í hjólastólum hefur sama áhuga á ferðalögum og útivist og aðrir. Þá vill hann kanna aðgengi fatlaðra á ferðamannastöðum á hálendinu. Einnig verður áheitum safnað í tengslum við leiðangurinn til þess að safna fé til að bæta aðgengi fatlaðra í Landmannalaugum.

Jón segir að hugmyndin hafi kviknað þegar hann fékk póst frá 66° Norður þar sem leiðangursstyrkur var auglýstur. „Þá datt mér í hug að það væri kannski býsna góð hugmynd að geta samofið útivistaráhugann og söfnun fyrir góðu málefni. Það gæti blásið einhverjum sem er í svipaðri aðstöðu byr í brjóst, og sýnt að ýmislegt er hægt þótt maður sé í þessari leiðinlegu aðstöðu," segir hann. Jón mun leggja af stað á morgun frá Hveraröndí Mývatnssveit. Hann er nýkominn úr veiðiferð í Laxá þar í sveit þar sem hann fór um allt á hjólinu. Ferðin mun taka fimm daga og henni lýkur í Reykjavík á sunnudag. Með Jóni í för verður Sigfús Heiðarsson, sem ætlar að aka sexhjóli. Ingólfur Stefánsson mun fylgja þeim á jeppa og Halldór Kolbeins kvikmyndagerðarmaður mun taka leiðangurinn upp. Hægt verður að fylgjast með leiðangrinum á heimasíðunni acrossiceland.is og er söfnunarnúmer hans 901 5001. - þeb

Merkilegur hundur í Eyjum:

# Hundur iðkar sprang af kappi

**FÓLK** Rottweilerhundurinn Dímon skemmtir sér konunglega við það að spranga í Vestmannaeyjum. Hann stekkur upp í reipið, bítur í og spyrnir sér, og vill helst fátt annað gera.



DÍMON

Dímon og eigandi hans Marika uppgötvuðu áhuga hans á sprangi dag einn á göngu og hefur hann ekki hætt síðan. Dímon er eini hundurinn sem vitað er til að sprangi í Eyjum.

„Hann er alltaf sprangandi, hann bara elskar það. Þetta er það skemmtilegasta sem hann gerir. Hann er ekkert hrifinn af boltum eða öðru slíku, heldur vill bara spranga," segir Marika.

Marika sprangar ekki sjálf en dreymir um að koma á laggirnar dýrahóteli fyrir allar gerðir dýra í Vestmannaeyjum. Ekki er þá úr vegi að Dímon kenni öðrum dýrum listir sínar. - kbs / sjá síðu 22

Nýjung með bláberjum




KEA SKYRDRYKKUR

– FYRIR HEILBRIGÐAN LÍFSSTÍL

Ertu læs á fjármál?

Fjárhagsleg heilsa

Kannaðu fjármálalæsi þitt á byr.is. Það kostar ekki neitt og tekur ekki nema nokkrar mínútur. Fjármálapróf Byrs var þróað í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík. Það metur fjármálalæsi þitt og er sneisafullt af gagnlegum fróðleik um fjármál að auki. Rannsóknir hafa leitt í ljós að um helmingur Íslendinga vill vita meira um fjármál. Taktu fjármálaprófið á byr.is.

BYR SPARISJÓÐUR

muundu eftir mjólkinni!

Muu

## SPURNING DAGSINS



*Ólafur, verður þetta þá ekki svaka partí?*

„Kemur ykkur ekki við.“

Ólafur Jóhannesson kvikmyndagerðarmaður leggur Búðardal undir sig á næstu dögum þar sem ný kvikmynd hans verður tekin upp í bænum. Þó að Ólafur sé sjálfur frá Búðardal er hann ekki hrifinn af laginu Heim í Búðardal.

Frumvarp um breytingar á gjaldeyrislögum til meðferðar hjá viðskiptanefnd:

# Gjaldeyrisbrask gert refsivert

**ALÞINGI** Ólögleg viðskipti með gjaldeyri verða refsiverð innan skamms, samkvæmt frumvarpi sem viðskiptanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar. Þegar gjaldeyrislögum var breytt eftir bankahrunið síðasta haust fórst fyrir að gera gjaldeyrisbrask refsivert, og er talið að nokkuð hafi verið um að óprúttnir aðilar hafi nýtt sér það.

Í frumvarpinu er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á þá sem stunda gjaldeyrisviðskipti án þess að hafa til þess sérstaka heimild frá Seðlabanka Íslands.

Þá geti Fjármálaeftirlitið jafnframt vísað meiri háttar brotum til lögreglu og heimilt verði að beita sektum eða fangelsi allt að tveimur árum fyrir brot gegn lögunum.

Þá er í frumvarpinu lagt til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til rannsóknar á brotum gegn gjaldeyrislögum verði styrktar. Því verði gert heimilt að krefjast upplýsinga og gagna, kalla menn til skýrslugjafar, krefjast kyrrsetningar eigna og þess að leyfislausri starfsemi verði hætt.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir að breytingarnar sem kveðið er á um í frumvarpinu muni ekki koma til með að hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. - sh



**MIKIÐ BRASKAÐ** Talið er að nokkuð sé um að menn reyni að hagnast á því að kaupa gjaldeyri á Íslandi og selja hann fyrir krónur í útlöndum.

Rannsókn á íslenskum konum:

# Fjórðungur beittur ofbeldi

**FÉLAGSMÁL Tæpur fjórðungur íslenskra kvenna hefur orðið fyrir andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi á heimili sínu. Þetta er niðurstaða rannsóknar, sem náði til um 2.700 kvenna, og greint er frá í tímaritnu Journal of Advanced Nursing.**

**Könnunin var send um 7.000 konum á Íslandi á aldrinum átján til 67 ára og bárust svör frá um 2.700. Rannsóknin er ein sú viðamesta á þessu sviði sem gerð hefur verið. Að henni stóðu Brynja Örlygsdóttir, doktor í hjúkrunarfræði, og Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.** - sh



**MÓTMÆLT** Strengdar voru þvottasnúrur milli ljósastaura og ýmislegt lauslegt hengt á þær í mótmælaskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðgerðahópur öryrkja:

# Mótmælti kjaraskerðingu

**MÓTMÆLI Öryrkjar stóðu fyrir þvottasnúrumótmælum á Austurvelli í gær. Tilefnið var ályktun Öryrkjabandalags Íslands frá því í síðustu viku um kjaraskerðingu lífeyrisþega í nýjum lögum um ríkisfjármál. Hópurinn sem stóð fyrir mótmælunum kallar sig aðgerðahóp háttvirtra öryrkja. Ályktun Öryrkjabandalagsins var hengd upp á þvottasnúrur ásamt öðru lauslegu.**

**Í ályktuninni er sagt að skerðing lífeyristekna með aðeins nokkurra daga fyrirvara sé siðlaus og það gagnrýnt að fulltrúar öryrkja og eldri borgara hafi ekki verið hafðir með í viðræðum um þjóðarsátt.** - þeb

Fréttablaðið:

# Nýir pennar

Aðstandendur Fréttablaðsins hafa ákveðið að opna forystugreinaplássið á skoðanasíðu blaðsins fyrir völdum hópi utanhússpenna. Tilgangurinn er að hnykkja á þeirri yfirlýstu ritstjórnarstefnu að Fréttablaðið hefur ekki skoðun og að leitast við að endurspegla fjölbreytt sjónarmið í þjóðmálaumræðunni. Sjá síðu 10 og 12.

# Slökkvilið kvíðir umferðarþunga að HR

**Umferð mun aukast um Bústaðaveg þegar um 2.500 manns flytja í nýtt húsnæði HR um áramótin. Slökkviliðsstjóri hefur áhyggjur og segir stöðina hafa verið innikróaða lengi. Unnið er að bættum samgöngum að Vatnsmýrinni.**

**MENNTAMÁL** Umferð um Bústaðaveg mun aukast töluvert þegar Háskólinn í Reykjavík tekur til starfa í Vatnsmýrinni. Um 2.500 nemendur og kennarar flytjast yfir í nýja húsnæðið um áramótin. Reynt verður að bjóða út Hlíðarfótinn, veginn frá Hringbraut að Hótel Loftleiðum, sem fyrst til að vinna bug á vandamálinu.

„Við höfum áhyggjur af þessu og höfum verið í samstarfi við Reykjavíkurborg um hvernig best er að leysa þetta,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Útkallsþjónusta Slökkviliðsins er í Skógarhlíð, við Bústaðaveg, og við flutning HR gæti slökkviþjónusta tafist.

„Við höfum líka spáð í það hvort ekki væri sniðugra að hafa útkallsþjónustuna annars staðar því við erum svolítið innikróuð og höfum verið lengi. Það væri æskilegra að vera nær stofnbraut og nú er líklega meiri þörf á að leggjast í greiningarvinnu um hver besta staðsetningin er,“ segir Jón Viðar.

Hins vegar tekur að sögn hans langan tíma að vinna að breyttri staðsetningu og því er verið að reyna að finna bestu lausnina í núverandi ástandi.

Unnið er að því að bæta samgöngur við Vatnsmýrina vegna komu HR. Verið er að breikka Flugvallarveg, sem er varanleg framkvæmd. Einnig verður ráðist í bráðabirgðaveg frá Hringbraut að Hótel Loftleiðum sem jafnan kallast Hlíðarfótur.

„Reynt verður að bjóða Hlíðarfótinn út sem fyrst en við vitum ekki nákvæmlega hvenær það verður,“ segir Kristín Einarsdóttir, aðstoðarsviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar. Hlíðarfóturinn verður tilbúinn um það leyti sem HR kemur inn í húsið, að sögn Kristínar.

Flytja á tækni- og verkfræði-, tölvunarfræði- og viðskiptadeild HR úr öðru húsnæði yfir í Vatnsmýrina um áramótin. Þetta eru um 70 prósent af starfsemi skólans, um 2.300 nemendur og 200 kennarar og annað starfsfólk. Restin af starfseminni flytur í húsið haustið 2010.

„Við erum ekki hrædd við umferðarteppur þegar Hlíðarfóturinn kemur svo þetta ætti að vera í lagi,“ segir Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs hjá HR.

HR mun aðlaga sig að aðstæðum til að dreifa álaginu, að sögn Þorkels. Til dæmis gæti hugsast að deildir byrji á mismunandi tímum á morgnana til að dreifa umferðarálaginu. vidirp@frettabladid.is



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK** Byggingin er komin langt á leið og verður tilbúin í desember, að sögn Þorkels Sigurlaugssonar. Starfsemin flytur um áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við erum ekki hrædd við umferðarteppur þegar Hlíðarfóturinn kemur svo þetta ætti að vera í lagi.
>
> **ÞORKELL SIGURLAUGSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞRÓUNARSVIÐS HR

Dýr golfklúbbur:

# Tuddarnir borga mikið

**GOLF** Félagsgjöld Golfklúbbsins Tudda fyrir árið 2009 eru þrjú hundruð þúsund krónur og segir Bjarni Magnússon, formaður klúbbsins, gjaldið líklega vera fremur hátt.

„Það var ákveðið að gjaldið yrði svona hátt í ár en framhaldið ræðst á næsta aðalfundi,“ segir Bjarni og bætir við að nú þegar hafi tvær umsóknir í klúbbinn borist.

Golfklúbburinn Tuddi var stofnaður í lok síðasta árs og varð nýlega meðlimur Golfsambands Íslands en samkvæmt upplýsingum þaðan ber ekki að tilkynna sambandinu hversu hátt gjald innheimt er. - mmf / sjá Golf



**GOLF** Félagsgjöld Tudda eru í hærri kantinum.

## SLYS

### Enn haldið sofandi

Manninum sem komst lífs af úr flugslysinu í Vopnafirði 2. júlí er enn haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Einn maður lést í slysinu, sem var þegar flugvél var flogið á raflínu.

## LÖGREGLUMÁL

### Drengur í öndunarvél

Ungur drengur er í öndunarvél eftir að ekið var á hann á Reykjanesbraut laust eftir klukkan þrjú í gær. Slysið átti sér stað á móts við Ásvelli í Hafnarfirði. Drengurinn var á göngu yfir Reykjanesbrautina þegar ekið var á hann. Honum er nú haldið sofandi í öndunarvél en ástand hans mun vera stöðugt.


# Bílavarahlutir




Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is


Víkingur Heiðar og Hjaltalín spiluðu við upphaf Íslensks tónlistarsumars:

# Fyrstu tónleikarnir í tónlistarhúsinu

**MENNING** Fyrstu tónleikarnir í nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu voru haldnir í gær. Það voru samtökin Samtónn sem héldu tónleikana og spiluðu píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson og hljómsveitin Hjaltalín á þeim.

Tónleikarnir fóru fram í einum af minni sölum hússins. Spilað var í þrjátíu mínútur og fengu tónleikagestir hjálma, stígvél og varúðargalla við komuna í öryggisskyni. Hafist hefur verið handa við uppsetningu á glerhjúpi utan um húsið.

Tónleikarnir voru upphaf Íslensks tónlistarsumars, sem Samtónn stendur fyrir í sumar. Næstu daga og vikur verða fjölmargir tónlistarviðburðir í boði, meðal annars tónleikar Megasar og Senuþjófanna í Hljómskálagarðinum á föstudag. - þeb



**VÍKINGUR HEIÐAR** Píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson spilar hér fyrir áhorfendur í Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í gær. Af öryggisástæðum fengu allir 85 gestir tónleikanna öryggisbúnað; varúðargalla, stígvél og hjálma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tempur – 15 ár á Íslandi




## Afmælistilboð í júlí

Yfir 20.000 íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

**Stllanleg heilsurúm**

25-30% afsláttur



**Tempur heilsurúm**

25% afsláttur



**Tempur heilsukoddar**

30% afsláttur



AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

## GENGIÐ 06.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,18 | 127,78 |
| Sterlingspund | 204,87 | 205,87 |
| Evra | 176,72 | 177,7 |
| Dönsk króna | 23,731 | 23,869 |
| Norsk króna | 19,504 | 19,618 |
| Sænsk króna | 16,179 | 16,273 |
| Japanskt jen | 1,3348 | 1,3426 |
| SDR | 195,82 | 196,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,8701

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óljósar fréttir af harðvítugum átökum milli þjóðernishópa í Xinjiang-héraði í Kína:

# Hátt á annað hundrað látnir

**KÍNA, AP** Að minnsta kosti 156 manns biðu bana og yfir 800 særðust á sunnudag í harðvítugum átökum, sem brutust út í kjölfar mótmælasamkomu í Urumqi, höfuðborg Xinjiang-héraðs vestast í Kína.

Búist er við frekari mótmælum og átökum. Í gær bárust fréttir af því að mótmæli væru hafin í Kashgar, annarri borg í sama héraði.

Átökin eru sögð standa milli Úígúra, sem eru fjölmennastir íbúa héraðsins, og Han-Kínverja, sem eru í minnihluta í héraðinu en í meirihluta í höfuðborginni Urumqi. Han-Kínverjar eru yfir níutíu prósent allra íbúa Kína.

Litlar skýringar hafa þó fengist á því hvers vegna svo margir hafa látist.



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR Í HÖFUÐBORGINNI URUMQI** Átökin þykja sýna óánægju Úígúra með hlutskipti sitt í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla segist hafa lokað götum í nokkrum hverfum Urumqi á sunnudag, eftir að átök voru hafin. Ríkissjónvarpið birti myndir þar sem mótmælendur sáust ráðast á og sparka í fólk sem lá á götunni. Á myndunum sást einnig fólk, sem virtist vera Han-Kínverjar, sitja örmagna í blóði sínu.

Útlægir Kínverjar halda því hins vegar fram að átökin hafi ekki byrjað fyrr en lögreglan hóf að beita ofbeldi til að stöðva friðsamleg mótmæli.

Spenna hefur lengi verið mikil milli Han-Kínverja og Úígúra í Xinjiang. Úígúrar hafa margir barist fyrir því að héraðið verði sjálfstætt ríki Úígúra. - gb

Framvísaði fölsuðum lyfseðli:

# Rannsókn lögreglu ábótavant

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands sýknaði í gær konu sem framvísaði fölsuðum lyfseðli fyrir svefnlyfjum í apóteki Lyfja og heilsu í Kringlunni. Lögreglan yfirheyrði ekki tvö lykilvitni í málinu. Fram kemur í dómnum að konan hafi sagst hafa fengið lyfseðilinn hjá annarri konu. Hvorki sú kona né læknirinn sem lyfseðillinn var sagður frá voru yfirheyrð af lögreglu. Því þótti ekki sannað að konan hefði vitað að lyfseðillinn væri falsaður.**

**Hins vegar var konin fundin sek um lyfjaakstur og var henni því gert að greiða sjötíu þúsund króna sekt. - bj**

Ummæli Davíðs Oddssonar:

# Ekki of stór biti fyrir ríkið

**EFNAHAGSMÁL** Ummæli Davíðs Oddssonar, þáverandi seðlabankastjóra, þar sem hann hrósaði Icesave-reikningum Landsbankans, féllu í viðtali við ensku sjónvarpsstöðina Channel 4 í byrjun mars 2008, ekki í viðtali við tímaritið Monocle í febrúar síðastliðnum eins og ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær.



**DAVÍÐ ODDSSON**

Orðrétt sagði Davíð, spurður hvort íslenska ríkið gæti ábyrgst innistæður í Landsbankanum erlendis, færu íslensku bankarnir í þrot: „Þessir bankar eru svo traustir að ekki er líklegt að neitt þessu líkt muni nokkurn tímann gerast. Ef það myndi gerast værum við aðeins að tala um hluta af heildarupphæðinni. En þrátt fyrir það er íslenska efnahagslífið með skuldlausan ríkissjóð, þá væri það ekki of mikið fyrir ríkið að gleypa, ef það kysi að gleypa það.“

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var fullyrt að Hafnarfjarðarbær ætti 15,42 prósent í HS Orku, en í reynd ríkir nokkur réttaróvissa um eignarhaldið. Um áramótin 2007/2008 seldi bærinn hlut sinn til Orkuveitu Reykjavíkur. Samkeppnisyfirvöld gerðu athugasemdir við þá sölu, en Héraðsdómur Reykjavíkur hefur síðan staðfest söluna. Þeirri niðurstöðu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem ekki hefur kveðið upp úrskurð.

## ÁRÉTTING

Í frétt um boðsferðir í laxveiði á vegum Orkuveitu Reykjavíkur kom ekki fram að veiða á í Elliðaánum.

# Starfsmenn SPRON eru utan kerfisins

**Starfsmenn SPRON sem ekki fengu greidd laun eiga ekki rétt á bótum. Ástæðan er að ekki er búið að lýsa SPRON gjaldþrota. Álfheiður Ingadóttir segir lagabreytingu óþarfa til að greiða laun. Mikill hiti var á starfsmannafundi í gær.**

**ATVINNA** Þeir rúmlega 100 starfsmenn SPRON á uppsagnarfresti sem ekki fengu greidd laun 1. júlí síðastliðinn eiga hvorki rétt á atvinnuleysisbótum né greiðslu úr Ábyrgðarsjóði launa.

„Þau geta ekki sótt um bætur vegna þess að ekki er búið að lýsa þeirra fyrirtæki gjaldþrota,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. Til að hægt sé að greiða bætur þarf að vera ljóst að engar frekari greiðslur komi til þeirra og að þau eigi ekkert inni, að sögn Gissurar.

„Starfsmennirnir detta fyrir utan kerfið,“ segir Ósvaldur Knudsen, fyrrverandi starfsmaður SPRON og einn skipuleggjenda starfsmannafundar SPRON sem haldinn var í gær. Slitastjórn SPRON meinaði starfsmönnum inngöngu í hús félagsins við Ármúla. Fundurinn var í staðinn haldinn á götunni.

„Mikill hiti var í mönnum. Það var fólk á fundinum sem fær ekki atvinnuleysisbætur og er orðið algjörlega tekjulaust. Það rétt lifir og þeir eru margir sem ekki þola fleiri svona mánaðamót,“ segir Ósvaldur. Niðurstaða fundarins var að senda viðskiptanefnd Alþingis formlega bréf en í því er krafist að nefndin beiti sér fyrir því að „mismunun gagnvart 130 starfsmönnum og fjölskyldum þeirra sé leiðrétt, hvort sem það er með lagabreytingu eða öðrum úrræðum.“

Ástæða þess að starfsmenn fengu ekki laun um mánaðamótin var að slitastjórnin taldi lög sem kváðu á um að greiða mætti út laun hjá fjármálafyrirtækjum í greiðslustöðvun ekki eiga við um SPRON. Fyrirtækið væri ekki í greiðslustöðvun. Starfsmenn voru látnir vita daginn áður en greiða átti launin.



**SPRON** Slitastjórnin mun greiða laun um leið og hún fær heimild til þess, með lagabreytingu. Formaður viðskiptanefndar segir að ekki sé þörf á lagabreytingu og það sé mat margra lögfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við vöktum athygli á þessu strax þegar slitastjórnin var skipuð og sendum umsögn til viðskiptanefndar Alþingis og viðskiptaráðuneytisins. Ráðuneytið lét okkur svo vita 29. júní að lagabreyting mundi ekki ganga í gegn,“ segir Hlynur Jónsson, formaður slitastjórnarinnar.

Slitastjórnin hafi því látið starfsmenn vita um leið og hún vissi að ekkert yrði gert. Hlynur segir SPRON eiga efni á því að greiða launin og „við munum gera það um leið og við fáum heimild til þess“.

Slitastjórnin fundaði með fulltrúum viðskiptaráðuneytis á föstudag. Niðurstaðan var að þörf væri á lagabreytingu til að hægt væri að greiða launin. Málinu var vísað til viðskiptanefndar Alþingis.

„Nefndin mun auðvitað skoða þetta,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis. Telur hún að ekki sé þörf á lagabreytingu þar sem heimild sé í gjaldþrotaskiptalögum til þess að greiða launin. Það sé einnig mat margra lögfræðinga. Málið verður rætt í viðskiptanefnd í fyrsta lagi á miðvikudag, að sögn Álfheiðar.

vidirp@frettabladid.is



**HVALFJARÐARGÖNG** Loka þurfti göngunum í um þrjár klukkustundir vegna slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Slys í Hvalfjarðargöngunum:

# Slapp afar vel úr hörðum árekstri

**LÖGREGLUMÁL** Mildi þykir að kona á þrítugsaldri hafi ekki hlotið alvarleg meiðsl þegar hún ók Toyota Yaris-fólksbíl sínum framan á flutningabíl í Hvalfjarðargöngunum í gær. Klippa þurfti konuna úr bílnum.

Konan skarst á olnboga og marðist og var flutt á slysadeild. Svo virðist sem hún hafi misst stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hún ók yfir á öfugan vegarhelming og framan á flutningabílinn. Loka þurfti göngunum í um þrjár klukkustundir vegna þess hversu erfiðlega gekk að koma flutningabílnum úr þeim. Umferð var komin á að nýju skömmu fyrir sex. - sh

## SIGLINGAR

### Mannbjörg við Drangey

Mannbjörg varð á Skagafirði nærri Drangey í gær eftir að leki kom að bát með einum skipverja. Hátt í tuttugu manns úr björgunarsveitum á Sauðárkróki héldu á staðinn auk þess sem nærstaddir bátar og björgunarskip Landsbjargar aðstoðuðu. Nærstaddur bátur, TONI, var fyrstur á staðinn með dælur og tók bátinn í tog. Þeir komu til Hofsóss á þriðja tímanum.




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**SVIPAÐ ÁFRAM**
Ekkert lát er á hægviðrinu sem ríkt hefur undanfarna daga. Í dag verður frekar bjart víðast hvar, einna bjartast verður á norðausturhorni landsins og þar verður einnig hlýjast. Suðvestanlands má búast við lítilsháttar vætu á stöku stað.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Bassel | 26° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 19° |
| Eindhoven | 17° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 20° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Útsala

## 40% afsláttur af öllum vörum









## KJÖRKASSINN



*Veist þú um fólk sem þiggur atvinnuleysisbætur þrátt fyrir að vera í vinnu?*

| | |
|---|---|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Þekkir þú einhvern sem hefur orðið gjaldþrota í kreppunni?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Gunnlaugur Júlíusson safnar fyrir Grensásdeild með hlaupi frá Reykjavík til Akureyrar:

# Ætlar að hlaupa sjötíu kílómetra á dag

**SÖFNUN** Gunnlaugur Júlíusson, sem þessa dagana hleypur frá Reykjavík til Akureyrar, hóf annan dag hlaupsins snemma í gærmorgun. Hélt Gunnlaugur af stað frá Borgarnesi og var ætlunin að ná eins langt upp á Holtavörðuheiði og unnt væri. Gunnlaugur áætlar að hlaupa að jafnaði um sjötíu kílómetra á dag.

Hlaupið fer fram undir merkjum fjáröflunarátaks fyrir Grensásdeildina og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ). Það er jafnframt minningarhlaup um Jón H. Sigurðsson, hlaupara frá Úthlíð. „Þetta hefur gengið mjög vel," segir Sigurður Guðmundsson hjá UMFÍ. „Fólk sýnir framtakinu mikinn áhuga og margir hafa lýst áhuga á að hlaupa hluta leiðarinnar með Gunnlaugi, sem er mjög jákvætt."

Meðal þeirra sem hafa lagt sitt af mörkum til átaksins er Staðarskáli, sem veitir Gunnlaugi og aðstoðarmönnum hans frían mat og gistingu. Bílaleiga Akureyrar lagði bifreið til átaksins, en hún fylgir hlauparanum eftir alla leiðina til Akureyrar.

Í dag er ætlun Gunnlaugs að hlaupa austur fyrir Hvammstanga og á miðvikudag sem lengst inn í Langadal í áttina að Vatnsskarði. Stefnt er að því að ljúka hlaupinu á föstudagskvöld á Íþróttaleikvangi Akureyrar við setningu 26. Landsmóts Ungmennafélags Íslands.

Forsvarsmenn Depils hafa komið staðsetningartæki fyrir á Gunnlaugi hlaupara og geta því áhugasamir fylgst beint með hlaupinu á slóðinni http://depill.is/LiveTracking.aspx?alias=umfi. - kg



**LÖNG LEIÐ FYRIR HÖNDUM** Þeir sem vilja leggja sitt af mörkum til að bæta aðbúnað á Grensásdeildinni geta lagt inn á reikning 0130-26-9981, kt. 660269-5929.

Æðsti leiðtogi Írans:

## Viðvörun til Vesturlanda

**ÍRAN, AP** Ali Khameini, æðsti leiðtogi Írans, segir að afskipti leiðtoga Vesturlanda af stjórnmálum í Íran geti haft neikvæð áhrif á samskipti Írans við þessi lönd.



**ALI KHAMEINI**

„Þessi stjórnvöld verða að gæta sín á fjandsamlegum ummælum sínum og framferði," segir Khameini. Hann ítrekaði jafnframt stuðning sinn við Mahmoud Ahmadinejad forseta og sagði úrslitin úr forsetakosningunum nýverið „varanlegan og hreinan sannleika".

Stjórnarandstæðingar í Íran segja úrslitin orka tvímælis og leiðtogar á Vesturlöndum krefjast þess að írönsk stjórnvöld geri hreint fyrir sínum dyrum. - gb

Þyrla Gæslunnar kölluð út:

## Piltur féll niður af húsþaki

**SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út um klukkan 22 á sunnudagskvöld þegar fjórtán ára piltur féll þrjá til fjóra metra niður af húsþaki sundlaugarinnar hjá Krossholti á Barðaströnd. Hann var fluttur á Landspítalann í Fossvogi og er laus við alvarlega áverka og við góða heilsu, samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni á barnaskurðdeild spítalans.**

**Neyðarlínan hafði samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og bað um aðstoð. Pilturinn var meðvitundarlaus þegar læknir kom á staðinn um hálfri klukkustund eftir slysið. Lögreglan á Vestfjörðum vinnur nú að rannsókn á tildrögum þess.** - kg

# Sömdu um fækkun kjarnorkuvopna

**Barack Obama og Dmitrí Medvedev kynntu áform um bætt samskipti og lausnir á sumum helstu deilumálum ríkjanna. Vel fór á með þeim í Moskvu í gær. Obama sagði þá staðráðna í að segja skilið við tortryggni og fjandskap.**

**RÚSSLAND, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti og Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti voru á einu máli um að bæta samskipti ríkjanna frá því sem verið hefur.

Á fundi þeirra í Moskvu í gær undirrituðu þeir meðal annars bráðabirgðasamkomulag, sem miðar að því að fækka kjarnorkuvopnum beggja landanna. Samkomulagið verður nánar útfært á fundum samninganefnda ríkjanna næstu mánuðina.

„Við verðum að sýna gott fordæmi, til þess erum við hingað komnir," sagði Obama í glæsisal Kremlar í Moskvu, þar sem þeir forsetarnir svöruðu spurningum blaðamanna.

„Medvedev forseti og ég erum staðráðnir í að segja skilið við tortryggni og fjandskap fortíðarinnar," sagði Obama enn fremur.

Bandaríkin og Rússland eiga samanlagt meira en níutíu prósent af kjarnorkuvopnum heimsins. Samkvæmt núgildandi samkomulagi, sem rennur út í desember, er báðum ríkjunum heimilt að eiga að hámarki 2.200 sprengjur og 1.600 skotpalla á hjólum.

Í bráðabirgðasamkomulaginu felst að bæði ríkin fækki kjarnorkusprengjum sínum hvort um sig niður í 1.500 til 1.675, og skotpöllum á hjólum verði fækkað í 500 til 1.100.

Medvedev sagði þetta „sanngjarna málamiðlun".

Þeir samþykktu einnig að hefja á ný hernaðarsamstarf landanna, sem var lagt af eftir að Rússar réðust inn í Georgíu fyrir tæpu ári, auk þess sem samkomulag náðist um ýmis önnur mál, sem sum hver hafa verið deilumál milli ríkjanna.



**FORSETAR BANDARÍKJANNA OG RÚSSLANDS Í KREML** Barack Obama gekk á fund Dmitrí Medvedev í gær til að koma samskiptum ríkjanna í gang á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meðal annars lofaði Obama því að endurskoðun á áformum um eldflaugavarnir, sem fyrri Bandaríkjastjórn ákvað að setja upp í Póllandi og Úkraínu, yrði flýtt og henni lokið fyrir haustið.

Obama neitaði að fara út í vangaveltur um það hver færi í raun með völdin í Rússlandi, Medvedev forseti eða Vladimír Pútín forsætisráðherra, sem áður var forseti.

„Minn skilningur er sá að Medvedev forseti sé forsetinn og Pútín forsætisráðherra sé forsætisráðherrann," var það eina sem Obama hafði um þau mál að segja.

Athygli vakti að stuttu eftir að blaðamannafundur þeirra hófst í gær var sjónvarpsútsending frá honum rofin en í þess stað sýnt frá fótboltaleik. Blaðamannafundinn átti síðan að sýna síðar.

gudsteinn@frettabladid.is



**YTRI-RANGÁ 2008** Svona var stemningin í fyrra. Áin endaði í rúmlega fjórtán þúsund löxum, sem er Íslandsmet. MYND/SUNNLENSKA

Metveiðisumarið 2008:

## Lönduðu 174 tonnum af laxi

**VEIÐI** Met var slegið í laxveiði sumarið 2008 í íslenskum ám. Alls veiddust 84.124 laxar á stöng en af þeim var 17.178 sleppt aftur. Alls var þyngd landaðra laxa í stangveiði 174 tonn. Afli í stangveiðinni skiptist þannig að 60.980 voru smálaxar og 5.966 stórlaxar. Af þeim löxum sem sleppt var aftur voru 4.264 stórlaxar.

Flestir laxar veiddust á Vesturlandi en á Suðurlandi var veiðin litlu minni.

Í netaveiði var aflinn 9.403 laxar sumarið 2008, sem samtals vógu 21.862 kg. - shá

**FRAKKLAND**

### Ráðast gegn skattaskjólum

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti samþykktu í gær að lokafrestur til þess að leggja refsiaðgerðir á ríki sem veita skattaskjól yrði í mars árið 2010. Þeir halda báðir á leiðtogafund G8-ríkjanna á Ítalíu á morgun.

**HVERAGERÐI**

### Stefna vegna Kambalands

Ræktunarmiðstöðin sf. hefur stefnt Kambalandi efh., Hveragerðisbæ, Orkuveitunni, Rarik og fleirum vegna ógreidds þrettán milljóna króna reiknings vegna vinnu við gatnagerð í Kambalandi. Verkið stöðvaðist í mars vegna peningaleysis.

SIEMENS

Tilboðsvika

Stórglæsileg tilboð í verslun okkar. Fjöldi tilboða á smátækjum, ljósum og símtækjum aðeins þessa vikuna.

Umboðsmenn um land allt.

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

Öll tilboð gilda til og með 10. júlí 2009 eða á meðan birgðir endast.

Brauðrist
Tilboðsverð: 6.300 kr. stgr.
Fullt verð: 7.600 kr. stgr.



Stavanger-línan



Borðlampi
Tilboðverð: 6.900 kr. stgr.
Fullt verð: 8.900 kr. stgr.
Vegglampi
Tilboðverð: 4.900 kr. stgr.
Fullt verð: 6.900 kr. stgr.

Dyrasímastöð
Tilboðsverð: 173.900 kr. stgr.
Fullt verð: 234.700 kr. stgr.





Töfrasproti
Tilboðsverð: 11.900 kr. stgr.
Fullt verð: 14.900 kr. stgr.

Blandari
Tilboðsverð: 13.900 kr. stgr.
Fullt verð: 16.900 kr. stgr.



Spieler – borðlampar
Tilboðsverð: 4.900 kr. stgr.
Fullt verð: 7.900 kr. stgr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

# Vandaðu valið - Hagstætt verð



**Italsofa** *The Italian touch*

Glæsilegt og vandað ítalskt sófasett 3+1+1
með slitsterku tauáklæði - Litir: Ljóst og dökkbrúnt

Verð áður kr. 387.000.-
**Verð nú kr. 259.000.-**



Borð: verð áður kr. 248.500.- **Verð nú kr. 149.000.-**
Stóll m/púða: verð áður kr. 48.500.- **Verð nú kr. 29.000.-**

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gangvörðum við



Verð áður kr. 499.000.- **Verð nú kr. 299.000.-**

Corrine vandað leðursófasett 3+1+1

Borðstofuborð, kirsuber, stækkanlegt
verð áður kr. 232.000.-
**Verð nú kr. 139.000.-**

Borðstofustólar m/alcantara svörtu áklæði
verð áður kr. 48.500.- **Verð nú kr. 29.000.-**

skovby®
Excellent Dining Rooms



Hvíldarstóll með skemli
og sterku áklæði eða leðri
Margir litir





Hvíldarstólar: Verð áður kr. 165.000.-
**Verð nú kr. 99.000.-**

Hvíldarstóll með
leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart
og rauðbrúnt

**Val húsgögn**

Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardaga kl. 11-16**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**




**Neytendur:** Svakalegt verð á varahlutum

# *Plaststykki á 55.000 kall*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Jón Helgi hafði samband með sögu af varahlutum. *„Ég vinn við bifreiðaverkstæði hér í bæ og vildi benda á hvað varahlutir í bíla hafa hækkað úr öllu valdi,“* skrifar hann. *„Ómerkilegir hlutir sem kosta ekki mikið í framleiðslu hafa hækkað ótrúlega. Mér datt í hug að senda þetta bréf þar sem mér blöskraði mikið eftir ferð upp í Brimborg. Ég var þar til að kaupa lítið plast á Mözdubíl sem er lok fyrir rúðupissið á stuðara. Þetta litla stykki kostar litlar 55.000 kr! Allur stuðarinn kostar aðeins 170.000 kr. (án lokana). Þetta er bara lítið dæmi um hvað varahlutir hafa hækkað eftir hrunið.”* Jón Helgi sendi mynd af lokinu með bréfinu.



**PLASTSTYKKI** Myndir þú borga 55.000 krónur fyrir eitt svona?

Hólmar Ástvaldsson hjá Brimborg svarar: *„Við erum í raun alveg sammála að þetta er mjög dýrt og eðlilegt að fólki ofbjóði þetta verð. Við töldum í upphafi að um mistök væri að ræða en eftir að hafa skoðað þetta í kjölinn er ljóst að þetta er rétt verð. Helsta skýring á háu verði er að ekki er bara um lok/hlíf að ræða heldur er í þessu spíss fyrir ljós og hluturinn er málaður í sama lit og bíllinn og fæst ekki öðruvísi. Þrátt fyrir þetta er innkaupsverðið að okkar mati mjög hátt og við bætist síðan óhagstæð gengisskráning og aðflutningsgjöld. Við erum að leita frekari skýringa á þessu háa innkaupsverði hjá okkar birgjum og látum vita ef frekari skýringar fást.“*

# Segja þóknun til MP 25 milljónum of háa

**Fulltrúar minnihlutans í borgarráði vilja fá því svarað hvers vegna borgin valdi að borga MP banka 42,5 milljónir króna fyrir verk sem Virðing hafði boðist til að vinna fyrir 17,5 milljónir. Greidd séu átta árslaun kennara fyrir hálfs dags verk.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Reykjavíkurborg samdi við MP banka um að borga fyrirtækinu 42,5 milljónir króna fyrir umsjón með fimm milljarða króna lántöku borgarinnar hjá lífeyrissjóðum þrátt fyrir að fyrirtækið Virðing hafi boðist til að vinna verkið fyrir aðeins 17,5 milljónir. Þetta fullyrða fulltrúar minnihlutans í borgarráði.

Í fyrirspurn frá borgarráðsfulltrúum Vinstri grænna og Samfylkingar segir að í desember síðastliðnum hafi verið samið við MP banka um skuldabréfaútboð sem síðan hafi ekki gengið upp. Í framhaldinu hafi verið reynt að semja beint við lífeyrissjóðina í gegnum verðbréfafyrirtækið Virðingu en það hafi heldur ekki gengið eftir því sjóðirnir hafi viljað veð til tryggingar lánunum. Virðing var stofnað af Sameinaða lífeyrissjóðnum og lífeyrissjóðnum Lífiðn. „Hins vegar hafi sömu lífeyrissjóðir verið tilbúnir að aflétta þeirri kröfu með milligöngu MP banka. Það hefur enn fremur verið upplýst að MP banki fékk 42,5 milljónir í þóknun fyrir verkið en Virðing hafi boðist til að taka 17,5 fyrir sömu þjónustu,“ segir í fyrirspurninni.

Þorleifur Gunnlaugsson, borgarráðsfulltrúi VG, segir það hafa verið mjög óeðlilegt af hálfu opinberra lífeyrissjóða að setja borgina í þá stöðu að geta ekki samið beint um lánið með aðstoð Virðingar nema gegn veði en að í gegnum einkabanka hafi síðan verið fallið frá þeirri kröfu.

„MP banki kom aftur inn í málið og á mjög skömmum tíma afléttu lífeyrissjóðirnir kröfu um veðið. Eins og ég skil þetta notaði MP banki þá vinnu sem Virðing var búin að vinna. Þetta er bara einn samningur í raun og veru sem MP kláraði og fær þessar 42,5 milljónir fyrir. Þetta er allt mjög skrítið og lyktar ekki vel,“ segir Þorleifur, sem telur að bjóða hefði átt verkið út og að þóknunin hafi verið allt of há.



**RÁÐHÚSIÐ Í REYKJAVÍK** Gengið var frá fimm milljarða króna láni frá lífeyrissjóðum til borgarinnar í sumarbyrjun. MP banki fékk 42,5 milljónir króna fyrir að ganga frá því sem samningnum tengdist.



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

„Mér er sagt að þetta hafi verið hálfs dags vinna hjá reyndum miðlara en þótt það hafi verið hálf vika eða jafnvel hálft ár þá eru þetta átta ára laun kennara,“ segir borgarfulltrúinn.

Friðjón Rúnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Virðingar, er í sumarfríi og ekki náðist í staðgengil hans í gær.

Friðrik Einarsson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs MP banka, segir bankanum ekki heimilt að veita upplýsingar um samning sinn við Reykjavíkurborg fremur en aðra viðskiptaaðila fyrirtækisins. Það sé borgaryfirvalda að ákveða slíka upplýsingagjöf.

Hjá fjármálaskrifstofu borgarinnar fengust þau svör að fyrirspurninni yrði svarað á fundi borgarráðs 16. júlí næstkomandi.

gar@frettabladid.is

Tíu af tólf stofnunum sem standa illa heyra undir menntamálaráðuneytið:

# Safnaðar skuldir sem vinna á upp

**STJÓRNSÝSLA** Tíu af tólf stofnunum sem standa illa, samkvæmt nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar, heyra undir menntamálaráðuneytið. Laga þarf vandann strax samkvæmt skýrslunni. Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ) er í verstri stöðu og er gert ráð fyrir 265 milljóna króna uppsöfnuðum halla í árslok, eða um 47,7 prósent af fjárheimild.

Ágúst Sigurðsson, rektor LBHÍ, segir hallann fortíðarvanda. Lagfæra hafi átt hallann í síðustu fjárlögum. Staðan sé hins vegar mun betri í ár. „Í maí á þessu ári vorum við innan rekstraráætlunar.“

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri Háskólans á Akureyri, segir ekkert benda til annars en að staðið verði við rekstraráætlanir. Gert sé ráð fyrir að uppsafnaður halli verði um 89 milljónir, um 6,5 prósent af fjárheimild.

Uppsafnaður halli Árnastofnunar verður sautján milljónir króna í árslok, um 5,9 prósent af fjárheimild, samkvæmt skýrslunni. Þórunn Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Árnastofnunar, segir skýringuna vera oftaldar tekjur.

Við sameiningu fimm stofnana í Árnastofnun árið 2006 varð Fjársýslu ríkisins á mistök, samkvæmt Þórunni og oftaldi tekjur um sextán milljónir. Þau mistök voru leiðrétt í mars 2008. Aftur voru tekjur oftaldar árið 2008 um rúmar fjórar milljónir, að sögn Þórunnar.

Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir þessar stofnanir eiga það sammerkt að þær eigi uppsafnaðar skuldir sem verið sé að vinna upp.

- vsp

**STOFNANIR SEM STANDA ILLA**

| Nafn | Áætlaður rekstrarhalli | Prósent af fjárheimild |
|---|---|---|
| Landbúnaðarháskóli Íslands | 265 m. kr. | 47,7 |
| Hólaskóli | 77 m. kr. | 29,4 |
| Námsmatsstofnun | 25 m. kr. | 19,7 |
| Árnastofnun | 17 m. kr. | 5,9 |
| HA | 89 m. kr. | 6,5 |
| Raunvísindast. HÍ | 19 m. kr. | 4,8 |
| FB | 77 m. kr. | 8,6 |
| Flensborg | 30 m. kr. | 6,3 |
| Laugaskóli | 7 m. kr. | 4,5 |
| Listasafn Íslands | 15 m. kr. | 9,1 |
| Landspítali | 1.622 m. kr. | 4,9 |
| Heilsugæslan | 453 m. kr. | 11,3 |


MATARKEX
MATARKEX
Veljum íslenskt í sumar
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is




Zelaya enn staðráðinn í að endurheimta forsetaembættið í Hondúras:

# Ætlar að gera aðra tilraun

**HONDÚRAS, AP** Lokað var á alla flugumferð á aðalflugvellinum í Tegucigalpa, höfuðborg Hondúras, í gær. Kvöldið áður höfðu stjórnvöld meinað lendingu flugvélar með Manuel Zelaya, hinum brottrekna forseta landsins, innanborðs.

Mikil spenna er í landinu og fyrsta dauðsfallið varð í fyrrakvöld þegar einn stuðningsmanna forsetans lét lífið í átökum við hermenn. Herinn beitti táragasi og skaut viðvörunarskotum. Tugir manna slösuðust.

„Ég skora á hersveitir Hondúras að leggja niður vopn,“ sagði Zelaya í El Salvador í gær, en þangað hélt hann eftir árangurslausa tilraun til að lenda í Hondúras. Hæstiréttur og þing landsins ráku forsetann fyrir rúmri viku og saka hann um tugi lögbrota. Ekkert ríki hefur hins vegar viðurkennt þessa aðgerð. Í staðinn fyrir að draga hann fyrir dómstóla eða bíða kosninga tóku stjórnvöld þá ákvörðun að beita hernum til að vísa honum úr landi.

Þúsundir stuðningsmanna Zelaya biðu á flugvellinum í fyrradag þegar hann reyndi að snúa aftur. Hann sagðist í gær ætla að gera aðra tilraun.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti stjórnvöld til að hlífa almennum borgurum, sem ættu rétt til að tjá skoðanir sínar án þess að sæta hótunum. - gb


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BÝÐUR YFIRVALDINU BIRGINN** Þessi maður ætlaði ekki að gefa sig þegar herinn réðst til atlögu gegn stuðningsfólki Zelaya á flugvellinum í Hondúras.

# Nýir pennar til liðs við Fréttablaðið

**Sex höfundar bætast í hóp þeirra sem rita forystugreinar á skoðanasíðu Fréttablaðsins. Fram til þessa hafa eingöngu starfsmenn á ritstjórn blaðsins ritað í þennan dálk. Reynsla hópsins er breið eins og kemur fram í eftirfarandi kynningu.**



**Halla Tómasdóttir** er rekstrarhagfræðingur. Hún var framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla HR og Auðar í krafti kvenna og lektor við viðskiptadeild HR 1999-2005 og framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands 2005-2007. Halla er nú starfandi stjórnarformaður Auðar Capital.



**Margrét Kristmannsdóttir** er viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri Pfaff hf. Hún var formaður Félags kvenna í atvinnurekstri frá 2005 til 2009 og er nú formaður Samtaka verslunar og þjónustu.



**Svanhildur Hólm Valsdóttir** var um árabil frétta- og dagskrárgerðarmaður hjá Ríkissjónvarpinu og síðar hjá Stöð 2. Hún útskrifaðist í vor frá lagadeild Háskóla Íslands.



**Jón Sigurðsson** er rekstrarhagfræðingur. Hann var lengst af rektor Háskólans á Bifröst og síðar seðlabankastjóri og viðskiptaráðherra.



**Stefán Pálsson** er sagnfræðingur og áhugamaður um stjórnmál. Hann hefur starfað að friðar- og afvopnunarmálum um árabil og er formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. Stefán starfar hjá Orkuveitu Reykjavíkur.



**Þorkell Sigurlaugsson** er viðskiptafræðingur. Hann er framkvæmdastjóri fjármála- og þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík en var framkvæmdastjóri hjá Eimskip og Burðarási fram til ársins 2004. Þorkell hefur skrifað nokkrar bækur, síðast bókina „Ný framtíðarsýn“ sem kom út í maí á þessu ári.





Nýjung á Ísland

*Flugnanet* fyrir glugga og hurðir. Varanleg lausn fyrir heimilið og sumarhúsið. Snyrtilegt og sérsmíðað eftir máli.

SBD ehf. Sími 895-9801
oskar@sbd.is – www.sbd.is






**HVERAGERÐI** Nokkrar skemmdir urðu á húsum í bænum í jarðskjálfta í fyrra.

Skilalóðir í Hveragerði:

# Ríkið styrkir endurgreiðslur

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðuneytið hefur fallist á að leggja til 90 prósent af þeirri upphæð sem þarf að greiða vegna skila á byggingarlóðum í Hveragerði í kjölfar stóra jarðskjálftans í fyrravor.

Áætlað er að borga þurfi 30 milljónir króna vegna skila á lóðum og mun ríkið því greiða 27 milljónir. Um er að ræða lóðir sem gerðar voru byggingarhæfar í kjölfar niðurrifs skemmdra húsa eftir skjálftann. Bæjarráð Hveragerðis segir aðkomu ríkisins gera sveitarfélaginu kleift að leysa til sín lóðir sem ella myndu standa óbyggðar til framtíðar „hvorki bæjarfélaginu né lóðarhöfum til sóma“. - gar

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 6**
744 **+0,06%**

**Fjöldi viðskipta:** 16
**Velta:** 43.1 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **BAKKAVÖR** | +4,39% | **ÖSSUR** | -1,30% |
| **MAREL** | +1,28% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 159,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,19 +4,39% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,50 +0,00% ... Føroya Banki 122,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 55,50 +1,28% ... Össur 114,00 -1,30%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ríkisbankar næstu þrjú árin

Gert er ráð fyrir að endurfjármögnun bankanna verði lokið 17. júlí næstkomandi. Mats Josefsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, segir að þótt endurfjármögnun bankanna verði lokið á næstu vikum sé endurskipulagningu bankakerfisins ekki nærri lokið. Þetta kom fram á blaðamannafundi í gær um endurreisn bankanna.

Hann bendir á að ekki sé byrjað að starfrækja Eignaumsýslufélagið og Bankasýslufélagið, sem eiga að þjóna veigamiklu hlutverki í endurreisninni. „Endurskipulagningin hefur gengið of hægt og ferlið ætti ekki að taka níu mánuði,“ segir Mats. Hann segir einnig að hann geri ráð fyrir að endurreisn bankakerfisins taki einhvern tíma til viðbótar. Hann segir óumflýjanlegt að ríkið sé hluti af rekstri bankanna um þessar mundir og það muni koma að rekstri bankanna að minnsta kosti næstu tvö til þrjú árin.

Svein Harald Øygard seðlabankastjóri tók í sama streng og telur að bankarnir verði í ríkiseigu í nokkur ár. Hann bendir á að þegar Svíar hafi lent í erfiðleikum hafi þeir starfrækt bankasýslufélag í um fimm ár eftir að kreppan skall á, frá 1992 til 1997.

Svein segir að ekki sé hægt að segja með vissu hve lengi ríkið muni koma að rekstri bankanna. Hann segir mögulegt að bönkum úr ríkiseigu á skemmri tíma en hins vegar sé óvíst hve langan tíma ferlið mun taka. **- bþa**



**FUNDUR UM FRAMVINDU ENDURREISNAR BANKAKERFISINS** Til máls tóku Gunnar Andersen, Svein Harald Øygard, Helga Valfells og Mats Josefsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Öfgar í íslenskri ávöxtun

Hlutabréfavísitölur í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum hækkuðu að meðaltali um tuttugu prósent á öðrum ársfjórðungi. Síðustu sjö ársfjórðunga þar á undan lækkaði meðaltalið samfellt og hækkuðu umræddar vísitölur síðast að meðaltali á þriðja ársfjórðungi 2006. Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans.

Þegar bornar eru saman breytingar milli ársfjórðunga frá 2004 á vísitölum milli landa kemur í ljós að íslenska úrvalsvísitalan hefur lækkað mest af öllum milli ársfjórðunga, um níutíu prósent. Hins vegar er Ísland einnig í öðru sæti yfir þá vísitölu sem hækkað hefur mest milli ársfjórðunga. **- bþa**




**SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU** Greiðslustöðvun sjóðsins rann út 30. júní.

# FME tekur yfir stjórn SPM

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur tekið yfir Sparisjóðs Mýrasýslu og skipað þriggja manna bráðabirgðastjórn yfir sjóðinn.

Í stjórn voru skipuð Sigurður R. Arnalds hæstaréttarlögmaður, sem er formaður, og héraðsdómslögmennirnir Jón Haukur Hauksson og Margrét Gunnlaugsdóttir.

Samkvæmt upplýsingum frá FME rann greiðslustöðvun Sparisjóðs Mýrasýslu út 30. júní síðastliðinn og naut hann því ekki lengur verndar gegn fullnustuaðgerðum kröfuhafa. Sjóðurinn óskaði því eftir yfirtökunni og var orðið við því.

Í apríl var starfsemi sjóðsins nær öll seld til Nýja Kaupþings. **- sh**

# Veruleg inngrip dugðu ekki til

Seðlabankinn seldi jafnvirði 2,5 milljarða íslenskra króna á millibankamarkaði með gjaldeyri í júní, sem jafngilti rúmlega fjórutíu prósentum af heildarveltu gjaldeyris á markaði. Seðlabankinn hefur ekki selt meiri gjaldeyri í einum mánuði það sem af er ári. Þetta kemur fram í Morgunkorni Íslandsbanka.

Þrátt fyrir að ætla megi að þær tölur þýði að bankinn hafi gripið nítján sinnum inn í á markaðnum, oftar en áður á árinu, hefur krónan veikst um fjögur prósent gagnvart evru í mánuðinum. Afgangur af vöruskiptum hefði hins vegar átt að vega upp útgreiðslur vegna vaxtagreiðslna og gott betur. „Það virðist því sem talsverð vanhöld séu enn á því að allar gjaldeyristekjur skili sér inn á gjaldeyrismarkað,“ segir Íslandsbanki. **- sh**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Jafnvægi í þjóðmálaumræðunni:

## Skoðanaskrif í Fréttablaðinu

JÓN KALDAL SKRIFAR

Einn hornsteina ritstjórnarstefnu Fréttablaðsins er að Fréttablaðið hefur ekki skoðun. Hefur það verið yfirlýst stefna blaðsins allt frá stofnun vorið 2001.

Þetta er ástæðan fyrir því að þær skoðanir sem birtast í skoðanadálkum Fréttablaðinu eru settar fram af nafngreindum höfundum. Gildir það jafnt um það efni sem birtist á þessum stað, sem og í dálki á borð við Frá degi til dags hér til hliðar. Kvittað er við textann með nafni eða netfangi.

Þrátt fyrir að þetta fyrirkomulagi hafi verið í gildi í ríflega átta ár gætir stundum enn þess misskilnings að þær skoðanir sem eru viðraðar séu jafnvel runnar undan rifjum einhverra annarra en þess sem setur þær fram.

Eflaust má rekja það til þeirrar ritstjórnarstefnu, sem er til dæmis ríkjandi á Morgunblaðinu, að blöð og heilu ritstjórnirnar hafi eina samræmda skoðun. Svo slík stefna gangi upp þarf stranga miðstýringu um hvaða skoðanir eru í lagi og hvaða skoðanir eru ekki í lagi.

Frá stofnun var lagt upp með að forðast slíka skoðanamiðstýringu á Fréttablaðinu. Var það hluti af því markmiði útgefenda Fréttablaðsins að það yrði grundvöllurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar. Það tókst með glæsibrag. Þann árangur má örugglega þakka meðal annars þeirri ákvörðun að Fréttablaðið hefur sem slíkt ekki skoðun heldur leitast við að endurspegla fjölbreytt sjónarmið í þjóðmálaumræðunni.

Sú ákvörðun var nýstárleg á sínum tíma, enda hafði blaðaútgáfa á Íslandi verið um árabil að miklu leyti nátengd stjórnmálaflokkum, og blöðin haldið flokkslínunum í gegnum þykkt og þunnt.

Aðstandendur Fréttablaðsins hafa nú tekið ákvörðun um að hnykkja enn frekar á þeirri stefnu að blaðið hafi ekki skoðun með því að opna forystugreinapláss blaðsins fyrir völdum hópi utanhússpenna.

Í Fréttablaðinu í dag eru kynntir til leiks sex einstaklingar sem munu skrifa forystugreinar í blaðið. Á næstunni munu ef til vill fleiri bætast í þennan fjölbreytta hóp. Forystugreinar verða einnig áfram skrifaðar af starfsmönnum ritstjórnar blaðsins.

Hlutleysi er orð sem virðulegir fjölmiðlar vilja gjarnan nota yfir efnistök sín. Í því felst þó ákveðin hræsni. Sá sem stýrir umfjölluninni kemst ekki hjá því að taka afstöðu, þó ekki nema til dæmis með vali á viðmælendum og sjónarhorni. Mun raunhæfara er að hafa jafnvægi sem leiðarminni. Það þýðir að ná báðum hliðum, eða öllum eins og oftar er, og flytja í frétt.

Hlutleysi er hins vegar ekkert spennandi í skoðanagreinum heldur á að taka afstöðu og rökstyðja hana. Þar snýst jafnvægið um að útiloka ekki tiltekin sjónarmið heldur veita fólki með ólíkar skoðanir vettvang til að tjá þær. Nýir liðsmenn Fréttablaðsins munu án vafa nýta sér það tækifæri.

Í hátíðarræðu yrði þessi stefna orðuð sem svo að tilgangurinn sé að deila fjórða valdinu með fólki utan ritstjórnar blaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Bílavarahlutir



Stilling

**Stilling hf.** • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skilaboð til almennings

Harry Borghouts, erindreki hollensku drottningarinnar í Norður-Hollandi, ákvað í gær að segja af sér stjórnarsetu í ABP, eftirlaunasjóði opinberra starfsmanna í Hollandi. Áður hafði héraðsstjórn ríkisins sagt af sér í heilu lagi vegna gríðarlegs taps sjóðsins á peningum sem voru geymdir inni á Icesave-reikningum.

Það er gömul saga og ný að Íslendingar í stjórnunarstöðum hvers konar þverskallist út í hið endalausa við að viðurkenna ábyrgð á nokkrum einasta hlut, og treysti fremur á að brigðult minni almennings annað hvort haldi þeim á sínum stað eða skili þeim til svipaðra starfa áður en langt um líður. En þegar fréttir berast af heilu héraðsstjórnunum og opinberum erindrekum sem axla ábyrgð á því sem þau gerðu eða gerðu ekki, þótt ekki sé nema til að „senda skilaboð til almennings," eins og í tilfelli Hollendinganna, er skiljanlegt hversu margir furða sig á því að afsagnir embætta vegna efnahagshruns heillar þjóðar sé enn hægt að telja á helmingi fingra hálfrar handar Hómers Simpson.



### Heiðarlegt framsóknarfólk

Eygló Þóra Harðardóttir, þingkona Framsóknarflokksins, fær kaldar kveðjur samflokkskonu sinni, Helgu Sigrúnu Harðardóttur, í status á fésbókarsíðu hinnar síðarnefndu: *Á dauða mínum átti ég von en ekki því að ritari og þingmaður Framsóknarflokksins legðist svo lágt að belgja sig út á því að kasta skít í fyrrverandi formann flokksins... Þingmaðurinn (sem raunar er ritari flokksins líka) þyrfti oftar að hugsa áður en hún geltir á samstarfsfólk sitt í þinginu og stíga varlegar til jarðar. Dónaskapur af þessu tagi verður ekki liðinn af heiðarlegu framsóknarfólki...*



Við þennan lestur vakna ýmsar spurningar, til dæmis hvort skárra sé að gelta á Fésbókinni en annars staðar, og hvort téður þingmaður (sem einnig er ritari flokksins eins og Helga Sigrún bendir ítrekað á) hræðist mjög réttláta reiði heiðarlegs framsóknarfólks.

**kjartan@frettabladid.is**

# Aldrei að gefast upp



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Ástand Íslands

Merkur athafnamaður, sem nú er kominn á efri ár, sagði mér eitt sinn frá því þegar hann var sendur í sveit í fyrsta sinn. Skömmu eftir komuna þangað var honum falið að sækja kýrnar. Hann var óðfús að fara, en ungur piltur á bænum brá á glens og taldi gagnslítið að senda kaupstaðarstrák þessara erinda. Bærinn stendur í fjallshlíð og þar eru mörg dalverpi. Hann kvaðst hafa gengið lengi frá einu dalverpi til annars, en hvergi séð kýrnar. Á endanum hefði hann gefist upp og farið volandi heim. Var ungi maðurinn þá sendur í hans stað. Í ljós kom að drengurinn hefði fundið kýrnar, hefði hann farið einu dalverpi lengra.

Hann sagði að þetta hefði verið lexía fyrir lífið. Kennt honum að gefast aldrei upp. Þegar mál virtust óleysanleg, gæti lausnin verið handan við hornið. Væri það reyndar alltaf ef maður væri nógu þrautseigur.

„Ég lærði líka með tímanum, að ef maður er búinn að brjóta heilann lengi um eitthvert mál, getur verið gott að leggja það til hliðar, og þá lýstur lausninni kannski niður í hugann þegar maður situr í leikhúsi eða við matarborðið heima hjá sér. Það er eins og hugurinn vinni áfram að lausn mála þegar maður hvílir hann," sagði þessi heiðursmaður.

**Fyrr og nú**

Þó að við stöndum nú úrræðalítil í brimgarðinum miðjum og menn séu á einu máli um að aðrar eins hremmingar séu einsdæmi, er naumast hægt að bera ástandið saman við þær djúpu efnahagslægðir sem hafa hrellt þjóðina gegnum tíðina. Aðstæður eru ekki sambærilegar. Við sitjum ekki skjálfandi úr kulda í lélegum húsakynnum af því að við eigum ekki fyrir kolum. Við sveltum ekki. Við þurfum ekki að standa í biðröðum eftir skömmtunarseðlum fyrir brýnustu nauðsynjum. Við eigum verðmætar náttúruauðlindir, viðurkenndar mennta- og menningarstofnanir sem eru öllum opnar, listamenn á öllum sviðum, sem hafa skapað sér nafn víða um heim. Við eigum hitaveitu, framúrskarandi húsakynni og erum með malbikaða vegi um allt land og landið er orðið grænt. Þegar ekið er um bæi og borg, gæti maður verið í þorpum í Þýskalandi eða á Norðurlöndum. Þetta hefur gerst á örfáum áratugum. Samgöngur við önnur lönd eru greiðar. Ekkert af þessu var fyrir hendi í dýpstu efnahagslægðum síðustu aldar. Þetta verður ekki frá okkur tekið, þó að næstu misseri og jafnvel ár muni augljóslega reyna á þolrifin.

**Vensl og vinátta**

Netvæðingin hefur gert heiminn að einu þorpi. Þar eru engin landamæri. Það er því sjálfsagt að leita til bestu fagmanna sem völ er á þegar í óefni er komið, eins og gert hefur verið hér á landi. Hins vegar er það dálítið óíslenskt að kikna í hnjánum í samskiptum við útlenda sérfræðinga sem við höfum ráðið til starfa. Einnig er athyglisvert að ekki skuli farið út fyrir Norðurlöndin í þessu efni.

Útlendingarnir hafa áhyggjur af of miklum vina- og venslatengslum í viðskiptum og stjórnmálum hér á landi. Hvað vilja þeir gera? Þetta er 300 þúsund manna þjóð. Hér þekkjast allir meira og minna. Hitta hvarvetna fyrir eigin skólasystkini, fólkið í hverfinu sem það ólst upp í, var með í fótboltaliði eða skátafélagi eða ferðalagi um landið. Þó að einhverjir fari glannalega í umferðinni er óþarfi að tortryggja alla bifreiðaeigendur.

Ríkið er nú orðið stærsti atvinnuveitandi landsins, á banka, bíla og fyrirtæki.

Reynslan kennir að bráðabirgðaaðgerðir við slíkar aðstæður hafa tilhneigingu til að vera ekki til bráðabirgða. Smám saman er þrengt að athafnafrelsi, yfirvöld fara að hafa vit fyrir almenningi, sem mótmælir fyrst en venst aðstæðum.

Þegar flær eru settar í krukku byrja þær að hoppa alla leið upp í lokið, en eftir því sem þær hoppa lengur hitta þær sjaldnar lokið og eftir smátíma er hægt að taka lokið af, án þess að þær hoppi upp úr krukkunni. Þær hafa sætt sig við sín takmörk.

Það megum við alls ekki gera. Við eigum að læra lexíu kúasmalans; Ekkert er óleysanlegt – aldrei að gefast upp!

# ESB eykur efnahagslegt öryggi

**UMRÆÐAN**

Baldur Þórhallsson skrifar um Evrópusambandið



BALDUR ÞÓRHALLSSON

Veigamesta verkefni ráðamanna er að tryggja öryggi borgaranna. Íslenskir ráðamenn hafa náð að tryggja borgaralegt og hernaðarlegt öryggi með aðild að NATO og Schengen og tvíhliða öryggis- og varnarsamningum við nágrannaríki. Íslenskir ráðamenn hafa hins vegar brugðist skyldum sínum að tryggja efnahagslegt öryggi. Þetta sinnuleysi hefur leikið íslensk heimili og fyrirtæki grátt.

Það er sérstaklega mikilvægt fyrir borgara smærri ríkja að hafa tryggt efnahagslegt og pólitískt öryggi. Tryggt skjól hefur aldrei verið mikilvægara en nú á tímum síaukinnar alþjóðavæðingar sem stýrist að stórum hluta af flæði fjármagns. Ráðamenn nær allra Evrópuríkja hafa leitað í efnahagslegt skjól ESB. Þannig hefur þeim tekist að auka hið dagsdaglega öryggi heimila og fyrirtækja sem og draga úr þeim áföllum sem þau verða fyrir vegna heimskreppna sem reglulega dynja yfir.

ESB veitir margs háttar efnahagslegt öryggi. Evran veitir veigamikla tryggingu gegn óstöðugum gjaldmiðli lítils myntsvæðis. Sameiginlegur markaður og mynt eykur samkeppni og dregur verulega úr viðskiptakostnaði. Það kemur sér sérstaklega vel fyrir lítil samfélög þar sem erfitt er að koma á virkri samkeppni. Efnahagslegt öryggi ESB felur þannig í sér í lægra matvælaverð, lægra vöruverð almennt, lægri vexti og fjölgun atvinnutækifæra á stærri vinnumarkaði. ESB tryggir einnig íbúum lítilla sveitarfélaga og dreifðra byggða efnahagslegt öryggi og bændum stöðugan kaupmátt. Auk þess er auðveldara og ódýrara að ferðast milli svæða og landa vegna uppbyggingu samgangna og samkeppnisreglna sem tryggja til dæmis samkeppni í flugrekstri. Innan ESB gefst ungu fólki tækifæri til þess að brjótast til mennta með jöfnum aðgangi að öllum menntastofnunum sambandsins og aðgengi að öflugum styrktarsjóðum svo fátt eitt sé nefnt.

Það er skylda ráðamanna að kanna allar færar leiðir til að tryggja efnahagslegt öryggi landsmanna. Þingmönnum gefst þessa dagana færi á því að kanna ítarlega það efnahagslega öryggi sem ESB hefur upp á að bjóða með því að samþykkja aðildarumsókn að sambandinu. Efnahagslegt öryggi er forsenda lífvænlegs samfélags. Nú reynir á að þingheimur móti heildstæða framtíðarstefnu og hætti smáskammtalækningum.

*Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**HEIMSLEIKAR ÞROSKAHEFTRA** eða Global Games standa yfir í Tékklandi til 14. júlí. Íþróttasamband fatlaðra sendir tvo keppendur á leikana en þeir eru sundmennirnir Jón Margeir Sverrisson, íþróttafélaginu Ösp, og Ragnar Ingi Magnússon, íþróttafélaginu Firði, Hafnarfirði.

# ;ALLT


FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447









Mekkín hefur reynt ýmislegt til að bæta heilsuna. Þar hefur grænt te og goji-berjasafi meðal annars komið að góðu gagni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hinn gullni meðalvegur

**Mekkín Ragnarsdóttur er umhugað um heilsuna og hikar ekki við að reyna alls kyns aðferðir. Mikilvægt þykir henni að neyta hollrar fæðu en á meðal þess sem er á matseðlinum er grænt te og goji-berjasafi.**

„Ætli ég reyni ekki helst að forðast unna matvöru, eins og hveiti, sykur, rotvarnarefni og önnur gerviefni, til að halda meltingunni góðri," segir Mekkín Ragnarsdóttir, starfsmaður hjá Heilsuhúsinu, beðin um að lýsa því með hvaða hætti hún hlúi aðallega að heilsunni. „Ég borða nú engu að síður nánast það sama og aðrir. Bý mér líka til hamborgara og pítsur en gæti þess að hafa hollustuna í fyrirrúmi og nota af þeim sökum spelt, kínóapasta og þess háttar í matargerðina."

Þessa dagana drekkur Mekkín líka grænt te í töluverðu magni og neytir svokallaðra Metasystaflna. Bæði teið og töflurnar eiga að hjálpa fólki í viðleitni þess til að léttast. „Svo eru töflurnar að auki orkugefandi; mér líður rosalega vel af þeim," bendir hún á og bætir við að goji-berjasafi sé einnig á matseðlinum um þessar mundir. „Hann er unninn úr gojiberjum frá Himalajafjöllum, sem eru vegna andoxunarefna talin byggja upp styrk mannslíkamans og hægja á öldrun."

Áhugann á heilbrigðum lífsstíl segir Mekkín ekki nýtilkominn, heldur megi rekja hann til unglingsáranna þegar hún glímdi við almennt heilsuleysi. „Ég var alltaf þreytt í menntaskóla, illt í maganum og það að auki komin með vott af skammdegisþunglyndi," rifjar hún upp og segir að með nýjum lífsstíl heyri þessir kvillar nú sögunni til. „Ég finn mjög mikinn mun á mér, þótt auðvitað geti ég orðið pirruð rétt eins og aðrir. Ég bý bara yfir miklu meiri orku en áður og húðvandamálin eru á bak og burt."

Þótt Mekkín sé umhugað um heilsuna segir hún mikilvægt að fara ekki með neinu offorsi. „Maður þarf bara að passa upp á sitt lítið af hverju, mataræðið og regluleg hreyfing leika þar stórt hlutverk. Ég hreyfi mig til dæmis á hverjum degi, en leyfi mér líka að svindla. Það er svo mikilvægt að feta hinn gullna meðalveg."

*roald@frettabladid.is*





LD3080501

*Glucomed inniheldur glúkósamín*

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.
**Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.**

*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*





**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS** býður upp á gönguferðir á Esjuna á hverjum degi vikuna 6. til 10. júlí. Fararstjóri er Þórður Marelsson en þátttaka er ókeypis. Lagt er af stað klukkan 18 alla daga nema föstudag þegar boðið verður upp á morgungöngu. www.fi.is










# Þekktur danshöfundur til Íslands um helgina

**Danshöfundurinn Phlex sem meðal annars hefur samið dansa fyrir So You Think You Can Dance?, Rihönnu og Britney Spears kemur til landsins í lok vikunnar og mun kenna Íslendingum að dansa.**



Phlex er að koma til Íslands í fyrsta sinn í lok vikunnar og segist hlakka til þess. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Ég kem til Íslands til að kenna á hip hop-dansnámskeiðum hjá DanceCenter Reykjavík,“ segir Phlex, danshöfundur í Los Angeles. „Ég hef aldrei áður komið hingað og er þess vegna mjög spenntur.“

Námskeið með Phlex voru auglýst í júní en voru flutt fram í lok þessarar viku vegna anna danshöfundarins. „Ég er að vinna með listamönnunum Jeremiah og Sean Paul og þess vegna gat ég ekki komið í júní. Ég var mjög vonsvikinn en er glaður að komast núna,“ útskýrir Phlex og bætir við að síðastliðið ár hafi hann notið mikillar velgengni og unnið með mörgum þekktum listamönnum.

Phlex hefur unnið með fólki á borð við Missy Elliot, Sean Paul og Beyoncé og samið dansa fyrir So You Think You Can Dance? en aðspurður segist hann aldrei hafa unnið með Íslendingum. „Nei, þetta er í fyrsta skipti sem ég vinn með Íslendingum,“ segir Phlex brosandi. En hlakkar hann til að koma til Íslands? „Ó, já. Mér finnst svo gaman að ferðast um heiminn að kenna dans. Ég veit að það verður gaman að koma til Íslands,“ segir Phlex.



„Jackson er ástæðan fyrir því að ég get gert það sem ég geri í dag,“ segir Phlex. „Ég á honum feril minn að þakka.“

„Ég bjó til dansa fyrir Donyelle Jones í hip hop-partíi þáttarins So You Think You Can Dance?,“ upplýsir Phlex en Donyelle var á meðal fjögurra efstu dansaranna í annarri þáttaröðinni árið 2006. „Þetta var mjög góð reynsla. Ég elska líka þáttinn og að vinna við hann þetta ár var frábært.“

Phlex segist hafa dansað frá unga aldri. „Ég byrjaði að dansa þegar ég var þriggja ára og hóf atvinnuferilinn þegar ég var þrettán en síðan þá hef ég búið til dansa. Þegar ég var barn þá vafði ég oft laki um líkamann og þóttist dansa í Thriller-myndbandi Michaels Jackson. Eftir það voru örlög mín ráðin,“ segir Phlex hlæjandi.



Phlex vann með Donyelle Jones í hip hop-partíi þáttarins So You Think You Can Dance? árið 2006.

Nánari upplýsingar um námskeiðin, sem standa yfir um helgina 10. og 11. júlí, má finna á www.dancecenter.is og enn er tekið við skráningum. *martaf@frettabladid.is*




# Minnkandi kindur

**Svo virðist sem kindur séu að minnka á afskekktri skoskri eyju og er orsökina líklegra að finna í hlýrra loftslagi.**

Á eynni Hirta í Norður-Atlantshafi má finna villtan kindastofn er nefnist Soay en stofninn hefur verið vandlega rannsakaður frá árinu 1985. Ein af ástæðunum er sú að vistkerfi eyjarinnar er afar einfalt þar sem þar er einungis að finna villikindur og þann gróður sem þær éta.

Þegar gögn úr rannsóknum voru greind við Imperial College í London kom í ljós að meðalkind af Soay-kyni hefur léðst um fimm prósent síðustu 25 ár. Komu þær niðurstöður á óvart þar sem stærri kindur hafa hingað til átt meiri möguleika á að lifa af. Sökum breytinga á loftslagi eiga minni kindur á hinn bóginn betri möguleika á afkomu en áður þar sem haustveður skellur á seinna en áður og vorið kemur fyrr. Fleiri smávaxin lömb komast því á legg þar sem veturnir hafa styst en þetta eru lömb sem létu áður í minni pokann fyrir erfiðum uppvaxtarskilyrðum. *- hs*



Ætli íslenskar kindur skreppi saman líkt og þær skosku?

# golf

ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚLÍ 2009


## Vonast eftir vallarmeti

**Íslandsmótið í golfi verður haldið á Grafarholtsvelli 23. til 26. júlí.** BLS. 2






FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Golfklúbbur Borgarness
Hamri – 310 Borgarness
RÁSTÍMASKRÁNING
Mánud. – Fimmtud. Í síma 437-2000
Föstudaga - Sunnudaga í síma 437-1663.



Margeir Vilhjálmsson á fyrsta teig á Grafarholtsvelli. Íslandsmótið í höggleik fer fram á þeim velli dagana 23. til 26 júlí. Vallarstarfsmenn munu ganga með síðustu ráshópum tvo síðustu daga Íslandsmótsins til að raka sandgryfjur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vallarmet og tíu þúsund áhorfendur er draumurinn

**Um tvö hundruð manns koma að framkvæmd Íslandsmótsins í golfi sem fram fer á Grafarholtsvelli í lok mánaðarins.**

„Þetta á að vera golfhátíð,“ segir Margeir Vilhjálmsson, mótsstjóri Íslandsmótsins í golfi. Íslandsmótið í höggleik í golfi fer fram á Grafarholtsvelli hjá Golfklúbbi Reykjavíkur dagana 23. til 26. júlí. Margeir vonast eftir um 10 þúsund áhorfendum á mótið, sem hann telur raunhæft markmið. Hann bendir á að um 55 þúsund manns spili golf samkvæmt nýlegri könnun. Hann segir að gert sé ráð fyrir að 200 manns komi að framkvæmd mótsins; vallarstarfsmenn auk fjölda sjálfboðaliða.

Margeir segir að margvíslegar uppákomur verði á svæðinu kringum Íslandsmótið. Æfingasvæðið við Bása verði nýtt til hins ýtrasta og púttþrautir verði settar upp. Auk þess sem keppt verður í litlu sex holu Íslandsmóti á Grafarkotsvelli, sem er lítill æfingavöllur við hlið Bása.

Margeir segir að hann sé í viðræðum við samstarfsaðila um að hafa tvo risaskjái á vellinum til að auðvelda áhorfendum að fylgjast með gangi mála. Skor verði uppfærð mjög reglulega og allt gert til að auðvelda áhorfendum að fylgjast með baráttu efstu manna.

„Ein af nýjungunum í kringum mótshaldið er að farið var í samstarf við Samtök íslenskra golf- og íþróttavallastarfsmanna (SÍGÍ) um að vallarstarfsmenn af öðrum völlum komi að undirbúningi og framkvæmd mótsins,“ segir Margeir. Hann segir að vallarstarfsmenn muni ganga með um tíu ráshópum á tveimur síðustu dögum mótsins og raka sandgryfjur. Meðal annarra nýjunga má geta þess að til skoðunar er að veita sérstök verðlaun fyrir þá sem eru 18 til 21 árs auk þess að veita viðurkenningu fyrir besta árangur þeirra sem eru með hærra en þrjá í forgjöf.

Margeir segir að ekki hafi tekist nægilega vel að draga að áhorfendur á Íslandsmótið undanfarin ár. „Eftir að fyrirkomulagi Íslandsmótsins var breytt árið 2001 hefur áhorfendum fækkað til muna,“ segir Margeir. Fyrir þann tíma hafi mótið verið flokkaskipt og allir flokkar nema þeir bestu í kvenna og karlaflokki lokið leik fyrir síðasta dag. Hann bendir á að sá hópur sem lokið hafi leik degi fyrr hafi skapað grunn að þeim áhorfendum sem hafi komið til að horfa á lokadag mótsins.

Margeir segir að besta auglýsing fyrir íslenskt golf væri að fá vallarmet í mótinu. Hann segir að völlurinn verði settur upp með þeim hætti að það ætti að vera raunhæfur möguleiki. Þess má geta að Birgir Leifur Hafþórsson á núverandi vallarmet, 67 högg.

*- bta*


Hraunkot golfæfingasvæði,
allir velkomnir.
Hraunkot
Golfæfingasvæði
Opnunartími í sumar:
Mánudaga-fimmtudaga 9-22
Föstudaga og Laugardaga 9-20
Sunnudaga 9-21
Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 565-3361 • www.hraunkot.is • hraunkot@keilir.is

# Hæstu félagsgjöld landsins

Félagsgjöld Golfklúbbsins Tudda fyrir árið 2009 eru þrjú hundruð þúsund krónur. „Líklega eru þetta frekar há gjöld, þó ég hafi ekki lagt mig fram við að athuga nákvæmlega hvað þetta er í öðrum klúbbum,“ segir Bjarni Magnússon, formaður Golfklúbbsins Tudda. „Við erum með frítt fyrir meðlimi sextán ára og yngri.“

Félagsgjöld annarra golfklúbba virðast vera mun lægri og til dæmis eru félagsgjöldin í Golfklúbbi Reykjavíkur 68.000, Golfklúbbi Akureyrar 51.000 og í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar eru þau 69.000.

Bjarni segir ýmsar ástæður liggja að baki því að félagsgjaldið sé svo hátt en vill þó ekki gefa þær upp. „Þetta er svo sem ekki eitthvert framtíðargjald sem við ætlum að vera með en við höfum fengið tvær umsóknir, sem er meira heldur en við áttum von á.“

Golfklúbburinn Tuddi var stofnaður í desember síðastliðnum og voru stofnfélagar tólf talsins.



Golfklúbburinn Tuddi hefur fengið tvær umsóknir, sem er meira en þeir áttu von á.

Klúbburinn hefur aðstöðu í Úthlíð á Suðurlandi.

Klúbburinn varð nýlega meðlimur Golfsambands Íslands en samkvæmt upplýsingum þaðan þá ber golfklúbbum ekki skylda til að tilkynna hvert félagsgjaldið er. „Bókhaldið er opið og við þurfum að birta reikninga einu sinni á ári. Þetta er opið félag öllum þeim sem eru tilbúnir að borga,“ segir Bjarni.

*- mmf*

GOLF
og góður matur.
Opið frá klukkan 10-21 alla daga.
Mömmumatur, golfborgarar, samlokur.
Nautasteikur, lambaprime og Hornafjarðarhumar.
Vöfflur og frönsk súkkulaðikaka.
SÚPA OG NÝBAKAÐ BRAUÐ Í HÁDEGINU ALLA DAGA.
Vinsamlega pantið fyrir hópa. Sími 471-1113
Við tökum vel á móti þér. Starfsfólk Golfskálans Ekkjufelli.


# Sjötíu ár síðan sá fyrsti fór holu í höggi á Íslandi

**Einherjaklúbburinn er klúbbur þeirra sem hafa farið holu í höggi. Klúbburinn er sá golfklúbbur sem allir vilja helst komast í.**



Kjartan L. Pálsson, fyrrum formaður Einherjaklúbbsins til 33 ára, með allar sex kúlurnar sem hann fór holu í höggi með. Þær eru heilagar og verða aldrei notaðar aftur.

„Þetta var alltaf kallað grísapungafélagið af þeim sem ekki höfðu farið holu í höggi," segir Kjartan L. Pálsson, fyrrum formaður Einherjaklúbbsins til 33 ára.

Einherjaklúbburinn var stofnaður 17. október árið 1967. Inntökuskilyrði eru að hafa farið holu í höggi á löglegum keppnisvelli. Senda þarf öll gögn til Golfsambands Íslands, sem þarf að samþykkja afrekið.

Árlegt golfmót Einherjaklúbbsins hefur verið haldið frá stofnun og er elsti bikarinn í golfíþróttinni á Íslandi, Röðulsbikarinn, veittur fyrir sigur. Hinn fornfrægi veitingastaður Röðull við Skipholt gaf þennan bikar. Allir sem fara holu í höggi fá viðurkenningu frá klúbbnum og margir taka viðurkenninguna alvarlega. Heyrst hefur að menn hengi hana jafnvel á hurðina framan á húsinu sínu, að sögn Kjartans.

„Þetta er sá golfklúbbur sem allir vilja komast í," segir Kjartan.

Hann hefur haldið utan um félagaskrána frá upphafi og segir hann að um 1.600 manns hafi farið holu í höggi frá byggingu landsins. Ekki hefur hann strokað út nöfn þrátt fyrir andlát.

„Sá fyrsti til að fara holu í höggi var dr. Halldór Hansen. Hann gerði það í Laugardalnum í júlí árið 1939, þannig að það eru nákvæmlega sjötíu ár síðan," segir Kjartan.

Sú regla hefur myndast að sá gegni formennsku í klúbbnum sem farið hefur oftast holu í höggi. Kjartan hafði verið formaður frá 1975 eða þar til Björgvin Þorsteinsson sló metið, með sjö holur í höggi, og er hann því formaður nú. Golfsambandið mun hins vegar líklega taka yfir starfsemina á næstunni, gefa út viðurkenningar til afreksmannanna og halda utan um starfsemina almennt.

*- vsp*

# Vöðvaminnið hjálpar

Golfið heillar bæði yngri og eldri iðkendur en það kostar sitt að koma sér af stað.

„Þegar fólk byrjar í golfi þá eru það járn númer 7 , 8 eða 9 sem það brúkar við að æfa sveifluna og svo pútterar," lýsir Rafn Stefán Rafnsson í Erninum, golfverslun í Húsgagnahöllinni á Bíldshöfða. Hann segir stakar kylfur fyrir byrjendur kosta frá 5.900 og sett frá 54.900. Í því eru þrjár trékylfur, sjö járnkylfur, pútter og poki. „Gott sett fyrir þá sem eru vissir um að ætla í golfið af alvöru," segir hann.

Kúlurnar hljóta að teljast til staðalbúnaðar. Stakar kúlur kosta 150 krónur í Erninum og 18 kúlur saman af gerðinni Slazenger XTC eru á 2.490, eða 138 krónur stykkið.

Sérstakur golffatnaður telst ekki alger nauðsyn, nema skórnir og einn hanski að sögn Rafns Stefáns. „Við eigum enn skó frá því í fyrra sem eru frá 7.900 en skór sem voru að koma eru á 10.900. Ódýrasti hanskinn kostar 2.190 í herrastærð og í dömustærð 1.590."

Golfsett fyrir krakka kosta 24.900 krónur. Í því eru tvær trékylfur, þrjár járnkylfur, pútter og poki. „Því fyrr sem börnin byrja því betri verður sveiflan á endanum," fullyrðir Rafn Stefán. „Sá krakki sem fer með afa og ömmu út að spila býr að því þegar hann byrjar fyrir alvöru að æfa golf, kannski um tvítugt. Hann hefur vöðvaminnið. Það hjálpar til."

*- gun*



**Barnasettið RAM er hentugt fyrir krakkana.**

● **ÍSLANDSMÓT UNGLINGA** Keppni á Íslandsmóti unglinga í holukeppni fór fram á Garðavelli á Akranesi í síðustu viku og var leikið til úrslita föstudaginn 3. júlí síðastliðinn.

Keppni hófst síðasta miðvikudag með höggleik sem skar úr um hverjir komust í holukeppnina sjálfa. Sextán bestu í hverjum flokki komust áfram. Úrslitin í hverjum flokki má finna á www.golf.is.

Guðmundur Á. Kristjánsson var hlutskarpastur í flokki pilta 17 til 18 ára en Eygló M. Óskarsdóttir sigraði í flokki stúlkna 17 til 18 ára. Magnús B. Sigurðsson var efstur í flokki 15 til 16 ára drengja og Guðrún B. Björgvinsdóttir hreppti fyrsta sætið í flokki telpna, 15 til 16 ára. Í fyrsta sæti í flokki 13 til 14 ára stráka var Ragnar M. Garðarsson og Guðrún Pétursdóttir var efst í flokki 13 til 14 ára stelpna.

*- hs*




GOLFKLÚBBUR
VATNSLEYSUSTRANDAR
STOFNAÐUR 1991
Nýjir félagsmenn velkomnir,
aðeins 15 mínútna akstur frá Hafnarfirði.


Golfvöllurinn
Glanni
OPIÐ
ALLA VIKUNA!
ein af perlum Borgarfjarðar
á bökkum Norðurár, við fossinn Glanna

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Golfmót til góðs

„Þessi mót eru komin til að vera,“ segir Hans Guðmundsson, skipuleggjandi ABC-mótaraðarinnar og ABC-bikarsins. Um tvenns konar mót er að ræða. Annars vegar er ABC-mótaröðin sem er eins konar framhald af GSÍ-mótaröðinni þar sem krafist er að keppendur hafi að lágmarki 5,1 í forgjöf. Hins vegar er ABC-bikarinn þar sem engin forgjafarmörk eru en keppt er með útsláttarfyrirkomulagi með forgjöf.

Nafn mótaraðarinnar er komið til vegna samstarfs við ABC barnahjálp. 500 krónur af hverju mótsgjaldi renna óskiptar til ABC barnahjálpar. Hans áætlar að safnast hafi um 150 til 200 þúsund krónur það sem af er sumri. „Sú upphæð nægir til að styrkja um fjögur börn frá ABC barnahjálp,“ segir Hans. Hann segir að í haust verði hægt að fylgjast með þeim börnum sem styrkt eru á vefsíðu mótaraðarinnar, golf18.is. Hann segir að mótaröðin muni halda áfram á næsta ári og stefnt sé að því að fjölga þeim börnum sem styrkt eru á komandi árum.

Hans segir að um áttatíu hafi skráð sig til leiks í ABC-bikarinn og um 140 í ABC-mótaröðina. Hann segir að margir af þekktustu kylfingum landsins séu með í ABC-bikarnum og má þar nefna Ragnhildi Sigurðardóttur og Örn Ævar Hjartarson. *- bþa*



Hans Guðmundsson, skipuleggjandi mótaraðarinnar, ásamt verðlaunagripnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Frá fyrstu umferð Toppbikarsins í sumar. Sigurvegarar voru hjónin Fylkir Þór Guðmundsson og Matthea Sigurðardóttir. Í öðru sæti voru mæðgurnar Guðlaug María og Petrea Jónasdóttir.
MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

# Stærsta mótaröð á Íslandi

Bleiki toppbikarinn nefnist mótaröð sem Krabbameinsfélag Íslands og Golfsamband Íslands standa að í sameiningu. Golfmótið hefur einungis verið fyrir konur en í sumar var báðum kynjum leyfð þátttaka. Allur ágóði rennur beint til rannsókna á brjóstakrabbameini.

Fyrst þegar mótið var haldið árið 2005 var keppt á tveimur stöðum en nú í sumar er keppt á sjö stöðum. „Við fáum þúsund þátttakendur ár eftir ár,“ segir Gústaf Gústafsson, markaðsstjóri Krabbameinsfélagsins. „Þetta er stærsta mótaröðin í golfi á Íslandi.“ Haldið er lokamót á hverju sumri og fær sá golfklúbbur sem á sigurvegara lokamótsins bikar afhentan til geymslu í ár. Næsta mót verður 26. júlí hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Lokamótið verður svo haldið 12. september í Borgarnesi.

*- vsp*



Íslenska kvennalandsliðið í golfi ásamt Karli Ómari Karlssyni landsliðsþjálfara og Steinunni Eggertsdóttur liðsstjóra.

# Kvennaliðið ræst í dag

Evrópumót áhugamanna í kvennaflokki er að þessu sinni haldið á golfvelli við vatnið Bled í Slóveníu. Keppt er dagana 7. til 11. júlí.

„Golfsambandinu var að berast SMS frá Bled, þar er veður ekki gott, rigning, rok, þrumur og eldingar og hefur liðsstjóri frestað æfingahring leikmanna. Veðurspá fyrir morgundaginn er ekki góð og útlit fyrir að fresta þurfi fyrsta keppnisdegi en engin ákvörðun hefur þó verið tekin um frestun,“ sagði Stefán Garðarsson hjá Golfsambandi Íslands í samtali við Fréttablaðið í gær. Landslið Íslands skipa þær Eygló Myrra Óskarsdóttir, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, Ragna Björk Ólafsdóttir, Signý Arnórsdóttir, Valdís Þóra Jónsdóttir og Tinna Jóhannsdóttir. Karlalandslið Íslands í golfi keppti í Conwy í Wales á dögunum og hafnaði í tólfta sæti af tuttugu þjóðum.

*- vsp*






Fæst nú í 100g pakkningum!

Voltaren®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg

Verkjastillandi og bólgueyðandi í túpu!

Voltaren má nota til meðferðar við:
• Vöðva- og liðmeiðslum
• Sinabólgu
• Vægri liðagigt í hnjám eða fingrum

Fæst án lyfseðils

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem stað-bundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Til sölu 4 miðar til Berlínar 18-25 ágú. Seljast ódýrt. Uppl. í s. 692 3046.

## Gisting

Hús á Balereseyjunni Menorca (við hliðina á Mallorca). www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

falleg og björt íbúð í Hraunbæ. skiptist í 3 svefnherbergi, gang, forstofu, stofu, eldhús og baðherbergi með baðkari. leiga: 130þús á mán. 260þús greiðast fyrirfram. hiti, rafmagn og hússjóður ekki innifalið. uppl: 895-0429

Studíóíbúð til leigu við Snæland V. 55 rafm. og hiti innif. Bankaáb. S. 690 2994.

3ja herb ný íbúð á ról. stað í miðbæ Rvk. 140þ með rafm, hita & intern. 663 0906.

Ca. 70fm á Rauðarárstíg / Skarpheðinsgötu. Nýlega uppgerð 3herb. jarðhæð sérinngangur + einkabílastæði. Verð 115 m/öllu. S. 899 1999. Laus strax!

Til leigu ca 30fm stúdíóíbúð í Krummahólum. 50þ á mán allt innif. +gerfihnattsjónv. s:822 8216.

Til leigu 172 fm einbýlishús með bílskúr í Grafarvogi með eða án húsgagna. Langtímaleiga. Uppl. í s. 482 2540 e.kl.16

Herb. til leigu í miðbæ Rvk. Húsgögn fylgja, verð 35 þús. Uppl. í síma 895 0497 eftir kl 17.

**Íbúð á svæði 108**
Til leigu 3ja herb. íbúð. Laus strax. Uppl. í s. 896 7414.

**Til leigu á svæði 105**
2ja herb. íbúð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 7414.

2 flats for rent in Rvk. Short time rent. Uppl. í s. 849 3230.

## Húsnæði óskast

26 ára stúlka óskar eftir stúdíóíbúð í 101/105/107 frá 1. sept. Reyklaus og reglusöm, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 8995688

4ja manna fjölsk. sem er að flytja heim frá DK óskar eftir 4-herb. íbúð í hverfi 108, 107 eða 101. Langtímaleiga frá 1. sept. hjaltimar@gmail.com

Óskum eftir að leigja 3 herb. íbúð á sv. 101. Erum reyklausar og reglusamar. Skilvísum greiðslum heitið. S. 697 3246.

## Sumarbústaðir

**Sumarhús til leigu - Frábært verð - Laust næstu helgi!**
**Laust frá deginum í dag fram yfir helgi. Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi. Öll þjónusta og afþreying í næsta nágrenni svo sem veiði, frítt í golf á glæsilegum golfvelli og margt fleira.**
**Upplýsingar í síma 660 0288.**

## Atvinnuhúsnæði

**Skrifstofuhúsnæði til leigu**
**Lögmaður vill leigja út frá sér 70-100 m2 skrifstofuhúsnæði á jarðhæð við Skúlagötu í Reykjavík, um er að ræða stóra lokaða skrifstofu og opið sameiginlegt rými ásamt WC og eldhúsi. Hentar vel fyrir fasteignasala, bókara eða aðra skrifstofustarfsemi.**
**Áhugasamir hafið samband við Björn á fasteignasölunni Hóli í síma 849-4477. Hugmyndir um leiguverð 100-120.000 kr. pr. mánuð.+VSK.**

Ódýrt 40fm til 70fm húsnæði óskast undir samsetningu á fis flugvél. s. 898 5698

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Fasteignir

**Einbýlishús óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. ágúst.**
*Áhugasamir sendi á box@frett.is*

## Gisting

Íbúð á Akureyri Rúmgóð íbúð staðsett í hjarta Akureyrar. Leigist út viku í senn frá mán.-sun. á tímabilinu 6. júlí - 3. ágúst. Upplýsingar í síma 695-7045.

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

STÁL SUÐA

Óskum eftir rafsuðumönnum og járnsmiðum, aðeins vanir menn koma til greina. Uppls. sendist á kiddi@stalogsuda.is eða hringið í síma 693 5455 - 693 5454

Óska eftir góðum smið til starfa til þess að vinna við gamalt hús. Nánari uppl. í s. 897 0062.

Vantar starfsfólk í hlutastarf við afgreiðslu í ísbúð. Aðeins fólk með reynslu. S. 863 9515.

Framkvæmdarstjóra i Danmörku vantar au-pair. Au-pair'inn okkar ætlar í háskólann og okkur vantar nýja au-pair til Árósa í lok ágúst. Við erum; Sofia Sól (9), Sara Dúa (12) og Unnar (46). tt@komatsu.dk eða sími; 0045 51362233

Óskum að ráða 2 blikksmiði til starfa í Noregi. Þurfa að hafa reynslu í loftræstikerfum og almenna blikksmiðavinnu hafið samband við Knút í síma 004797059141 www.tellef.as

Óska eftir múrurum til starfa, næg vinna. Verða að geta byrjað strax. Uppl. í s. 897 2681, Ásgeir.

**Sölumenn 20-35 ára**
Tal óskar eftir sölumönnum á aldrinum 20-35 ára í kvöldvinnu við símsölu. Tímakaup og góðir bónusar. Góðir tekjumöguleikar. Hafið samband á email: hanness@tal.is

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Gulgrár dísarfugl týndist frá Hæðarseli sun. 5júlí. S. 823 6829. Fundarlaun!

## Tilkynningar

Orlofsíbúðir og herbergi til leigu á Þingeyri í sumar. S 456 1600. Hótel Sandafell.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**ÖRUGG FRAMTÍÐ**
Óska eftir að kynnast góðri barnlausri konu, íslenskri eða útlenskri. Er sjálfur barnlaus eldri maður, sem á skuldlausa íbúð. Svör sendist til Fréttablaðsins merkt „ÁHYGGJULAUST LÍF"

## Þjónusta

**KREPPUSLÁTTUR**
Garðsláttur, þökulagnir, hellulagnir og öll almenn garðvinna frábær verð og mikil reynsla
**Hlynur s: 8633492**

## Atvinna

**Saumaskapur**
Rótgróið fyrirtæki í framleiðslu á ullarvöru auglýsir eftir fólki með reynslu af saumaskap til að framleiða nýja hönnunarlínu fyrirtækisins. Framleiðslan mun fara fram í Kópavogi.
**Góð laun í boði.**
**Áhugasamir sendið inn umsókn eða fyrirspurnir á box@frett.is**

**SÖLUMAÐUR ÓSKAST**
Snyrtivöruheildssalan S. Gunnbjörnsson ehf óskar eftir öflugum sölufulltrúa. Við leitum að sjálfstæðum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttu og krefjandi starfi. Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, hafa ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Vinnutími er frá 09-17.
**Umsóknir sendast til sgunnbj@simnet.is.**

JÚLÍ TILBOÐ



3ja átta sturtupallur með rafdrifinni vökvadælu á 3,5 t. vinnuflokkabíla
Júlí tilboð 445.000.-
554.025.- m. vsk.



Ausa 1,5 tonn 25 hestafla jarðvegsbörur
Júlí tilboð 3.400.000.-
4.233.000- m. vsk.



Vökvadrifinn staurabor 2452 Nm. Borstærð 15 sm.
Júlí tilboð 195.000.-
242.775- m. vsk.



180 kg. Fleyghamar
Júlí tilboð 290.000.-
361.050- m. vsk.
850 kg. Fleyghamar
Júlí tilboð 900.000.-
1.120.500- m. vsk.
1250 kg. Fleyghamar
Júlí tilboð 1.200.000.-
1.494.000- m. vsk.



JCB Gúmmíbelti
Sett undir 1,8 t. vél
Júlí tilboð 69.000.-
85.905- m. vsk.
Sett undir 2,5-3 t. vél
Júlí tilboð 198.000.-
246.510- m. vsk.
Sett undir 4 t. vél
Júlí tilboð 298.000.-
371.010- m. vsk.
Sett undir 5-6 t. vél
Júlí tilboð 348.000.-
433.260- m. vsk.
Sett undir 8 t. vél
Júlí tilboð 398.000.-
495.510- m. vsk.



250 cc Fjórhjól götuskráð
Júlí tilboð 320.000.-
398.400- m. vsk.

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

STRÁ MRI®
WORLDWIDE
Starf fyrir þig
www.stra.is



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, bróðir og mágur,*

**Jóhann Briem**

fyrrv. framkvæmdastjóri,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 5. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 14. júlí klukkan 15.00.

**Ásta Kristín Briem**
**Páll Jóhann Briem**
**Haraldur Páll Briem** **Vera Nily**
**Birna Jóna Jóhannsdóttir** **Þór Kristjánsson**
**Kristín Briem** **Sigurjón H. Ólafsson**
**Sigrún Briem** **Jón Viðar Arnórsson**
**Jóhanna Björk Briem** **Guðmundur Þorbjörnsson**



*Móðursystir okkar,*

**Margrét Halldórsdóttir**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést föstudaginn 26. júní. Útförin verður gerð frá Höfðakapellu fimmtudaginn 9. júlí klukkan 13.30.

**Kolbrún Matthíasdóttir**
**Guðný Matthíasdóttir**
**Jón Matthíasson**
**Halldór Matthíasson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rannveig Jónsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 4. júlí.

**Guðlaugur Bergmundsson** **María K. Jónsdóttir**
**Jón Bergmundsson** **Guðrún Þórunn Ingimundardóttir**
**Hlöðver Bergmundsson** **Jóhanna Óskarsdóttir**
**Ingibjörg Bergmundsdóttir** **Harald B. Alfreðsson**
**Katrín Björk Bergmundsdóttir** **Egill Grímsson**
**Sigrún Berglind Bergmundsdóttir** **Helgi Thoroddsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Guðmundur Karl Jónsson**

fyrrverandi forstjóri,
Strikinu 4, Garðabæ,

lést fimmtudaginn 2. júlí á Landspítalanum. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Rannveig Björnsdóttir**
**Jón Örn Guðmundsson**
**Björn Þór Guðmundsson**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Kjartan Jónsson**

skrifstofumaður,
Kríuhólum 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans á Landakoti þriðjudaginn 30. júní. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi miðvikudaginn 8. júlí klukkan 13.00.

**Einar Kjartansson** **Marcia Maren Vilhjálmsdóttir**
**Árni Kjartansson** **Margrét Örnólfsdóttir**
**Ólafur Kjartansson** **Kristín Dúadóttir**
**Elín Kjartansdóttir** **Agnar Kristjánsson**
**Arnfríður Kjartansdóttir**
**Jóhann Ragnar Kjartansson** **Jónína Guðjónsdóttir**
**Óttar Kjartansson** **Hanna Kristín Sigurðardóttir**
**Bryndís Arngrímsdóttir**
**afabörn, langafabörn og systkini hins látna.**

**GUSTAV MAHLER (1860-1911) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Ef tónskáld gæti sagt í orðum það sem því liggur á brjósti myndi það ekki reyna að segja það með tónlist.“*

***Gustav Mahler var austurrískt tónskáld. Hann samdi meðal annars níu sinfóníur og fjölmörg sönglög.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. JÚLÍ 1941

## *Bandaríkjaher tekur við*

Þennan dag árið 1941 kom Bandaríkjaher til landsins og tók við vörnum þess af Bretum. Er talið að það hafi verið hluti af samkomulagi milli Breta og Bandaríkjamanna frekar en vegna óskar ríkisstjórnar Íslands. Tilgangurinn var að leysa af breskar hersveitir á Íslandi enda var þörf fyrir þær annars staðar. Að auki var þetta liður í því að auka hlut Bandaríkjanna í stríði Bandamanna gegn Þjóðverjum og samherjum þeirra í Evrópu.

Sumir íslenskir stjórnmálamenn höfðu þó þegar leitt hugann að því að biðja um vernd Bandaríkjamanna þar sem margir höfðu ekki mikla trú á breska herliðinu ef til innrásar Þjóðverja kæmi. Breskar hersveitir voru þó ekki alfarnar heldur höfðu Bretar hér töluvert herlið allt til stríðsloka.

Heimild: Ísland í aldanna rás.



**TVÆR ÞJÓÐIR** Bandaríkjamenn tóku við vörnum Íslands af Bretum árið 1941.



**MENNTUNARFRÆÐINGUR** Steinunn Helga Lárusdóttir hlaut önnur verðlaun í ritgerðasamkeppninni BELMAS fyrir doktorsritgerð sína.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STEINUNN HELGA LÁRUSDÓTTIR: HLÝTUR VERÐLAUN Í RITGERÐASAMKEPPNI

# Lítill munur á gildum eftir kyni

Steinunn Helga Lárusdóttir, menntunarfræðingur og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hlaut nýverið annað sæti í ritgerðasamkeppni bresku BELMAS-samtakanna 2009 fyrir doktorsritgerð sína. Ritgerðin ber heitið „Leadership, values and gender. A study of Icelandic head teachers“ eða Leiðtogahæfni, gildi og kyn, rannsókn á íslenskum skólastjórnendum.

„Ég vann að ritgerðinni í fjögur ár en ég var í fjarnámi við kennaramenntunardeild Lundúnaháskóla frá 2004 til 2008,“ segir Steinunn, sem varði ritgerðina í apríl á síðasta ári. „Hugmyndin að ritgerðinni vaknaði í raun í kjölfar þess að ég starfaði sjálf sem skólastjóri í Reykjavík í tæpan áratug,“ segir Steinunn en hún var skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands sem í dag heitir Háteigsskóli. „Ég var skólastjóri á tíunda áratugnum, sem var tími mikilla breytinga í skólakerfinu. Þá gengu í garð ný grunnskólalög og skólarnir fóru frá ríkinu til sveitarfélaganna,“ segir Steinunn. Hún bætir við að sér hafi oft þótt starfið erfitt enda margar erfiðar ákvarðanir sem þurfti að taka. „Þegar ég var komin með fjarlægð á starfið og farin að lesa mér til um stjórnun og stjórnunarhætti, ákvarðanir og hvernig staðið væri að þeim, kviknaði hjá mér mikill áhugi á því sem kallað er gildi; lífsgildi eða persónuleg gildi, og hvort þau gætu orðið skólastjórum leiðarvísir í ákvarðanatöku.“

Við vinnslu ritgerðarinnar tók Steinunn viðtöl við tíu reykvíska skólastjóra; fimm karlmenn og fimm konur, og einn meðstjórnanda í hverjum skóla. „Ég bað þá að segja mér frá erfiðum ákvörðunum sem þeir höfðu tekið og hvernig þeir hefðu leyst vandamálin. Einnig hvernig og hvort þeir teldu að eigið kyn hefði áhrif á ákvarðanir og hvernig fólk kæmi fram við þá. Á grundvelli þeirra frásagna reyndi ég að greina hvaða gildi það væru helst sem þeir hefðu að leiðarljósi,“ segir Steinunn. Ein meginniðurstaða hennar var sú að hún gat ekki greint að gildi skólastjóranna væru ólík eftir kyni. Helstu gildin sem hún greindi meðal skólastjóranna voru umhyggja, heiðarleiki, ábyrgð og virðing.

Steinunn segist ekki hafa fundið nein sérstök neikvæð gildi. „Hins vegar er starf skólastjóra þannig að þeir lenda oft í skurðpunkti átaka þar sem takast á ólík sjónarmið og gildi. Þá fara gildi foreldra, nemenda og kennara ekki alltaf saman,“ segir Steinunn en margir skólastjóranna greindu frá því að þeir finndu fyrir innri togstreitu.

Fyrir ritgerðina hlaut Steinunn eins og áður sagði önnur verðlaun BELMAS-samtakanna sem eru stærstu samtök innan háskólasamfélagsins á sviði forystu og stjórnunar í menntamálum í Bretlandi.

„Leiðbeinandi minn, Marianne Coleman, hvatti mig til að taka þátt og einn andmælandi ritgerðarinnar, dr. Michael P. Bottery við háskólann í Hull mælti einnig með henni,“ útskýrir Steinunn. „Mér fannst harla ólíklegt að fá verðlaun og var í raun bara glöð að leiðbeinandi minn og andmælandi skyldu mæla með mér,“ segir hún og því komu verðlaunin henni skemmtilega á óvart.

Í verðlaununum felst þó ekki annað en heiðurinn. „Þau eru mér samt mikil hvatning sem ég ætla að nýta til að halda áfram að rannsaka og skrifa,“ segir Steinunn.

**solveig@frettabladid.is**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Jónsson**

prófessor,
Tómasarhaga 22,

sem lést á Landspítala í Fossvogi sunnudaginn 28. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 9. júlí kl. 13.00.

**Guðrún Stefánsdóttir**
**Jón Baldursson** **Kristjana G. Eyþórsdóttir**
**Ólafur Baldursson** **Hulda Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær bróðir okkar,*

**Hallgrímur Helgason (Haggi)**

Tröllagili 14, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 3. júlí. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 15. júlí kl. 13.30. F.h. aðstandenda,

**Sigurlaug Helgadóttir**
**Björg Helgadóttir**
**Páll Helgason.**






## 100 ára afmælismót Ungmennafélags Íslands þar sem margir af fremstu íþróttamönnum landsins mæta til leiks

Á MÓTI SÓL OG MAGNI ÁSGEIRSSON • EITT HUNDRAÐ ÁRA SÖGUSÝNING LANDSMÓTANNA
BADMINTON • BLAK • BOCCIA • BORÐTENNIS • BRIDDS • DANS
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Á RÁÐHÚSTORGI • FYRIRLESTUR VÉSTEINS HAFSTEINSSONAR
DRÁTTARVÉLAAKSTUR • FIMLEIKAR • FJALLABRUN • FRJÁLSÍÞRÓTTIR
GÖNGUFERÐIR ALLA MÓTSDAGANA • HALLI OG GÓI STJÓRNA SKEMMTIDAGSKRÁ
GLÍMA • GOLF • GRÓÐURSETNING • HANDKNATTLEIKUR
HEILSUEFLINGARRÁÐSTEFNA • HLJÓMSVEITIN STJÓRNIN • HÓPATRIÐI ÍÞRÓTTABARNA
HESTADÓMAR • HESTAÍÞRÓTTIR • ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA • JURTAGREINING
HVANNDALSBRÆÐUR • KIRKJUTRÖPPUHLAUP • KK OG ELLEN KRISTJÁNS. • LEIKHÚSBANDIÐ
JÚDÓ KEILA • KNATTSPYRNA • KÖRFUKNATTLEIKUR • LAGT Á BORÐ
LEIKTÆKI FYRIR BÖRNIN • LENGSTA HJÓLREIÐAKEPPNI LANDSINS. REYKJAVÍK – AKUREYRI Á EINUM DEGI
LANDSMÓTSHLAUP/MARAÞON OG FL. VEGALENGDIR
NÝTT LANDSMÓTSSTEF FRUMFLUTT • OFURHLAUP: REYKJAVÍK – AKUREYRI Á 6 DÖGUM
LEIKFIMI/DANS • PÚTT • PÖNNUKÖKUBAKSTUR • RINGÓ SIGLINGAR
ÓKEYPIS Í LÍKAMSRÆKTARSTÖÐVARNAR BJARG OG ÁTAK ALLA MÓTSDAGANA • PÁLMI GUNNARSSON
SJÓSUND • SKÁK SKEMMTISKOKK • SKOTFIMI • STAFSETNING
GLÆSILEG SETNINGARATHÖFN • SKRÚÐFYLKING • RATLEIKUR
STARFSHLAUP • STRANDBLAK • SUND
TAEKWONDO SÝNING • TROMMUSVEIT • HORNAFLOKKUR • AFHJÚPUN BAUTASTEINA

UMSE UFA Akureyri

Sjá heimasíðu okkar: www.landsmotumfi.is

UMFÍ

KEA ICELANDAIR Landsbankinn Saga Capital ICELANDAIR CARGO ALCOA



NOKKUR ORÐ
Sara McMahon

# Uppspretta mikillar visku

Það starf sem ég hef gegnt hvað lengst á lífsleiðinni er án efa starf námsmannsins, en því starfi hef ég sinnt af samviskusemi frá því ég var aðeins smástelpa. Háskólanámið, þrátt fyrir að vera talið nauðsynlegt og æskilegt af flestum, er þó líklega verst launaða starf sem ég hef tekið að mér. Grunnframfærsla námsmanns er einungis um 100.600 krónur á mánuði (fæstir námsmenn fá þó þá upphæð heldur skerðist hún vegna vinnu líkt og sumar- og aukavinnu). Hver heilvita maður hlýtur að sjá að það þarf mikla útsjónarsemi og heraga til að geta með góðu móti dregið fram lífið á þessum launum. Lánasjóðurinn gerir þó ráð fyrir því að námsmenn vinni samhliða námi og verði sér þannig úti um aukatekjur (sem skerða þó grunnframfærsluna enn frekar). Á sama tíma telur Háskólinn að fullt nám jafngildi fullri vinnu hvað vinnuálag varðar. Námsmenn eru því að vinna



stanslausa yfirvinnu, nema að í þessu tilviki skerðir yfirvinnan launin til muna. Það sem mér hefur alltaf þótt skrítnast við Lánasjóðinn er það að upphæðin sem verið er að lána er lán en ekki styrkur eða gjöf sem ekki þarf að endurgreiða. Að námi loknu mun námsmaðurinn greiða lánið, auðvitað með vöxtum, til baka til Lánasjóðs. Þar sem ekki er um peningagjöf, styrk eða bætur að ræða, ætti ekki að vera mögulegt að lána námsmönnum sömu upphæð og samsvarar til að mynda grunnbótum?

Í samfélagi sem okkar, þar sem menntun og nýsköpun teljast til auðlinda, því ekki að hlúa aðeins betur að uppsprettunni, það er fólkinu sjálfu?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




800 7000 • siminn.is




Milljónir laga í símann og tölvuna
án þess að borga krónu aukalega!

Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.** Þar geta þeir hlustað á uppáhaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara uppáhaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

*Streymi á erlendri tónlist um ADSL internetþjónustu flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.
**Viðskiptavinir í GSM áskrift, Mínu Frelsi eða ADSL internetþjónustu. Takmarkaður fjöldi áskrifta.

Það er Síminn

ENNEMM / SIA / NM38357

# sport

sport@frettabladid.is



**BIKARMEISTARI Í FYRRA** Þórunn Helga Jónsdóttir er fastamaður í liði Santos. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þórunn Helga Jónsdóttir:

## Verður með Santos til 2011

**FÓTBOLTI** Knattspyrnukonan Þórunn Helga Jónsdóttir heldur áfram að gera góða hluti í Brasilíu en hún er á fullri ferð með bikarmeisturum Santos sem hafa ekki tapað leik í öllum þremur mótunum sem liðið tekur þátt í. Þórunn Helga er fastamaður á miðjunni hjá liðinu og er nýbúin að skrifa undir samning við liðið til ársins 2011.

„Liðið er mjög sterkt og við stefnum að því að vinna nokkra titla í ár og mig langar svo sannarlega að taka þátt í því. Ég stefni að því að vera hér áfram meðan ég er enn að bæta mig sem leikmaður. Dvölin gæti þess vegna orðið endalaus,“ sagði Þórunn Helga Jónsdóttir í samtali við Fréttablaðið.

Þórunn Helga er ekkert á leiðinni til landsins nærri því strax nema kannski til þess að spila með íslenska kvennalandsliðinu sem er að fara að taka þátt í EM í Finnlandi í næsta mánuði. - óój

# Sigurbjörn var hetja Vals

**Sigurbjörn Örn Hreiðarsson sá til þess að Valur þurfti ekki vítaspyrnukeppni til að tryggja sér sigur á KA í 16 liða úrslitum VISA-bikarkeppninnar í gær.**

**FÓTBOLTI** Valur tryggði sér í gær sæti í fjórðungsúrslitum VISA-bikarkeppni karla með 3-2 sigur á 1. deildarliði KA í framlengdum leik. Leikurinn var hin besta skemmtun en sigurmarkið kom í blálok framlengingarinnar. Sigurbjörn Örn Hreiðarsson var þar að verki með laglegu skoti.

„Það var mjög ljúft að ná að landa sigrinum eftir svona langan leik,“ sagði Atli Eðvaldsson eftir leikinn en hann er nýtekinn við þjálfun Vals eftir að Willum Þór Þórsson hætti í síðustu viku. „Ég sá líka margt gott við þennan leik hjá okkur.“

Valsmenn komust tvívegis yfir í leiknum en í bæði skiptin náðu gestirnir að norðan að jafna. Í fyrri hálfleik skoraði Helgi Sigurðsson eftir laglegan undirbúning þeirra Baldurs Aðalsteinssonar og Marels Baldvinssonar. Valur var sterkari aðilinn í fyrri hálfleik en KA náði engu að síður að jafna skömmu fyrir leikhlé er Ungverjinn David Disztl færði sér skógarhlaup Haralds Björnssonar í nyt og skoraði með skalla eftir fyrirgjöf.

KA byrjaði betur í síðari hálfleik en aftur var skorað gegn gangi leiksins. Nú var það Marel sem skoraði eftir sendingu Baldurs Aðalsteinssonar.

En gestirnir neituðu að gefast upp og aðeins fimm mínútum eftir mark Marels, á 61. mínútu, skoraði hinn efnilegi Andri Fannar Stefánsson með laglegu skoti utan teigs.

Eftir þetta sóttu Valsmenn í sig veðrið og fengu mörg hættuleg færi, bæði í venjulegum leiktíma og í framlengingunni. Gestirnir vörðust vel en þurftu svo að bíta í það súra epli að horfa upp á sigurmark Sigurbjörns í blálokin. Hann fékk boltann rétt utan vítateigs og skoraði með laglegu skoti.

„Þetta var auðvitað svekkjandi enda áttum við stóran hluta í leiknum,“ sagði Steingrímur Örn Eiðsson, aðstoðarþjálfari KA. „Við vorum síst lakari aðilinn í leiknum. Þetta var okkar fyrsta tap í sumar og vonandi það eina. Við ætlum að gera harða atlögu að því að komast upp í úrvalsdeildina og teljum okkur vera tilbúna fyrir þann slag. Strákarnir stóðu sig eins og hetjur í dag.“

Atli tók undir þetta og hrósaði KA-liðinu mikið. „Þetta lið er eitt besta 1. deildarlið sem ég hef séð. Leikur liðsins var virkilega vel skipulagður og mjög skemmtilegur. Þetta var eins og alvöru úrvalsdeildarlagur.“

Hann náði ekki nema einni æfingu með Val fyrir leikinn en hann ætlar að nýta tímann fram að næstu leikjum Vals vel. „Þessum tíma verður vel varið og verður mikill stígandi í skipulagi liðsins. Ég sé mikla möguleika í okkar liði og við eigum að geta unnið hvaða úrvalsdeildarlið sem er.“

eirikur@frettabladid.is



**ÖFLUGUR** Helgi Sigurðsson átti góðan leik fyrir Val í gær og skoraði eitt mark. Varnarmaður KA, Norbert Farkas, kemur hér engum vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**MÆTTUR Á HLIÐARLÍNUNA** Atli Eðvaldsson stýrði sínum fyrsta leik sem þjálfari Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**Á SKOTSKÓNUM** Björgólfur Takefusa kom KR í 1-0 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

16 liða úrslit Visa-bikars karla:

## Tíu KR-ingar komust áfram

**FÓTBOLTI** Tíu KR-ingar náðu að tryggja sér sæti í átta liða úrslitum VISA-bikars karla með því að vinna 2-0 sigur á Víði í Garði. Björgólfur Takefusa skoraði fyrra markið á 42. mínútu en Guðmundur Pétursson innsiglaði sigurinn í uppbótartíma.

KR-ingar léku manni færri næstum því allan seinni hálfleikinn þar sem markvörðurinn Stefán Logi Magnússon fékk rauða spjaldið. - óój

## VISA-BIKARINN

| | |
|---|---|
| Valur-KA | 3-2 (eftir framl.) |

1-0 Helgi Sigurðsson (11.), 1-1 David Disztl (43.), 2-1 Marel Baldvinsson (55.), 2-2 Andri Fannar Stefánsson (61.), 3-2 Sigurbjörn Hreiðars. (117.).

| | |
|---|---|
| Víðir-KR | 0-2 |

0-1 Björgólfur Takefusa (42.), 0-2 Guðmundur Pétursson (90.+2).

| | |
|---|---|
| HK-Reynir S. | 5-2 (eftir framl.) |

1-0 Calum Þór Bett (19.), 2-0 Hörður Magnússon (45.), 2-1 Sinisa Kekic (68.), 2-2 Sigurður Ingi Vilhjálmsson (78.), 3-2 Þórður Birgisson (104.), 4-2 Hafsteinn Briem (108.), 5-2 Calum (120.)

**Í átta liða úrslitum** verða Breiðablik, FH, Fram, Fylkir, HK, Keflavík, KR og Valur. Dregið verður á miðvikudaginn en í kvöld fara fram 8 liða úrslit VISA-bikars kvenna þar sem þessi lið mætast: Völsungur-Valur, Breiðablik-Þór/KA, Fylkir-ÍBV og Stjarnan-KR.













# Tónleikar í 21 ár

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefjast í dag í tuttugasta og fyrsta sinn. Alls eru níu tónleikar á dagskrá í sumar, en fyrstar stíga á stokk Emilía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari og Siu Chui Li píanóleikari. Dagskrá kvöldsins samanstendur af Sónötu í e-moll BWV 1034 eftir Bach, Rising from the Ashes eftir Tarek Younis, Sónatínu eftir Pierre Sancan og Inngang og tilbrigði um Trockne Blumen eftir Franz Schubert. Tónleikarnir hefjast klukkan hálf níu og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

Safn Sigurjóns var opnað almenningi 1988 og hafa tónleikarnir verið hluti af starfsemi hússins upp frá því. Listasafnið, sem er á Laugarnestanga, hýsir safn abstrakt-, raunsæis- og portrettverka Sigurjóns auk nýrra sýninga eftir aðra listamenn.

Tónleikar verða alla þriðjudaga í sumar fram til fyrsta september. Á efnisskrá eru Tuttugu tillit til Jesúbarnsins í flutningi Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur píanóleikara og þýskir og franskir ljóðasöngvar í flutningi Claudiu Kunz sópransöngkonu og Ulrich Eisenlohr píanóleikara. Tónskáldið og píanóleikarinn Snorri Sigfús Birgisson frumflytur svo verk eftir sjálfan sig og Ólaf Óskar Axelsson og Gunnar Kvaran frumflytur verk eftir Mist Þorkelsdóttur svo fátt eitt sé nefnt. Heildardagskrá tónleikanna má nálgast á lso.is.

- kbs



**FYRSTAR Á SVIÐ** Siu Chui Li og Emilía Rós Sigfúsdóttir hefja sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

# Opið lengur

**Vegna fjölda áskorana hefur sýningartími ljósmyndasýningar Leós Stefánssonar ljósmyndara og myndlistarnema verið lengdur.**

**Sýnt er í Kaffistofunni, Hverfisgötu, til miðvikudags. Sýningin ber yfirskriftina Íslam með ábót. Myndirnar á sýningunni eru teknar í Mannheim í Þýskalandi en tónlistarmaðurinn Gunnar Jónsson gerir hljóðupptökur fyrir sýninguna.**

**Gestum býðst pakistanskt te meðan lofsöngvar um Kalífann hljóma, en sýningin veitir innsýn í annan trúarheim. Opið er frá 12-18 í dag og á morgun og er aðgangur ókeypis. Kaffistofan er við hlið Kling og Bang gallerís.**



**LEÓ STEFÁNSSON**

# Fagnar frekar en að syrgja MJ

Páll Óskar Hjálmtýsson ætlar að fagna lífi og list Michaels Jackson á Nasa á laugardagskvöld. Til þess hefur hann fengið með sér hljómsveitina Jagúar, Alan Jones og Seth Sharp auk Yesmine og danshóps hennar. Allur ágóði kvöldsins rennur til Barnaspítala Hringsins, en miðaverð er 2.000 krónur.

„Mig langar að gera þetta fyrir Michael Jackson. Ég held að þetta sé rétta leiðin til að fagna lífi og starfi þessa manns. Þetta verður svolítið eins og mexíkósk jarðarför, þar sem lífi er fagnað frekar en að fólk drekki sér í sorg og sút,“ segir Páll.

„Þessi maður var svo drekkhlaðinn hæfileikum og það var svo mikið líf, bara í söngröddinni hans. Hann var einn af þeim fáu sem tókst að færa þetta líf úr söngröddinni og yfir í skrokkinn í dönsunum sínum. Allar aðrar poppstjörnur líta út eins og viðvaningar við hliðina á honum.“ Þá segir Páll hann brautryðjanda hvað varðar upptökur, útsetningar, tónlistarmyndbönd og umgjörð tónleika.

Plötur Jacksons voru áberandi á unglingsárum Páls. „Ég tengdi best við Off the Wall-plötuna. Svo toppaði hann sjálfan sig á Thriller, og Bad var pottþétt leið til að fylgja henni eftir. Svo fer að síga á ógæfuhliðina þegar menningarfyrirbærið Michael Jackson er orðið stærra en manneskjan.“

Páll segir Jackson alltaf hafa verið lítið barn. „Ég er þeirrar trúar að hann hafi ekki stundað kynlíf. Réttargeðlæknirinn sem tók viðtöl við hann 1995 skilaði inn skýrslu þess efnis að Michael hefði þroska á við tíu ára barn. Fólk furðar sig stundum á því í hverju snilldin fólst, en við megum ekki gleyma því að það eru til tíu ára börn sem eru músíkséní. Hann var séní strax sex ára.“

- kbs



**INNBLÁSINN** Unglingsár Páls Óskars eru lituð af tónlist Michaels Jackson.






**ÞAKKLÁTUR** Depp klæddist sem sjóræninginn Jack Sparrow til að kæta veik börn.

# Heimsækir veik börn

Leikarinn Johnny Depp kom í óvænta heimsókn á barnaspítala í London í síðustu viku. Depp, sem var í borginni til að kynna nýjustu kvikmynd sína, kom klæddur sem sjóræninginn Jack Sparrow og eyddi löngum tíma með börnunum. „Johnny var mjög vinalegur. Hann eyddi löngum tíma í að spjalla við starfsfólk spítalans og sjúklingana og börnin fengu að taka mynd af sér með Jack Sparrow," var haft eftir heimildarmanni. Spítalinn sem Depp heimsótti var sá sami og dóttir hans dvaldi á árið 2007 eftir mikil veikindi og með þessu vildi leikarinn þakka starfsfólkinu fyrir vel unnin störf.



**MELCHIOR** Hljómsveitin Melchior hefur gefið út sína þriðju plötu.

# Þriðja plata Melchior

**Hljómsveitin Melchior hefur gefið út sína þriðju plötu. Sveitin hefur allt frá stofnun árið 1973 flutt frumsamið kammerpopp. Þótt tónlistin megi flokkast sem popp hafa sígild hljóðfæri leikið lykilhlutverk í útsetningum og hefur rafmögnun tónlistarinnar alltaf verið hófleg.**

**Melchior skipa þeir Hilmar Oddsson, Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson og Karl Roth. Þá leika þeir Gunnar Hrafnsson á bassa og Steingrímur Guðmundsson á slagverk. Með þeim syngja þær Kristín Jóhannsdóttir og Helga Möller auk þess sem Margrét Kristjánsdóttir leikur á fiðlu. Fram undan hjá Melchior eru tónleikar á Rosenberg 15. júlí.**

# Jackson gengur aftur



**DRAUGURINN JACKSON** Aðdáendur goðsins trúa því að hann sé genginn aftur.

Aðdáendur poppgoðsins Michael Jackson eru sannfærðir um að söngvarinn hafi gengið aftur og birst þeim í sjónvarpsþætti sem var sýndur á bandarísku sjónvarpsstöðinni CNN. Þátturinn ber nafnið „Inside Neverland" og í honum spjallar þáttastjórnandinn Larry King við Jermaine, bróður Jacksons. Í þættinum sést hvar svartur skuggi líður þvert yfir eitt herbergið, en hvorki þáttastjórnandinn né tökumaður urðu varir við skuggann meðan á tökum stóð. Það var ekki fyrr en myndbrotið birtist á netinu að aðdáandi Jacksons tók eftir skugganum og síðan þá hefur myndbrotið farið eins og eldur um sinu á netinu. Margir virðast halda að skugginn sé poppgoðið endurgengið.

# Gamalkunnir taktar

**TÓNLIST**

**Í túrett og moll**

Stefán Karl

★★★★

Í túrett og moll er fín fjölskylduplata. Orðhengilsgrínið hans Gísla Rúnars er fyrsta flokks og Stefán Karl syngur og leikur öll hlutverk af stakri snilld.




Leikarinn og grínistinn Gísli Rúnar Jónsson gaf út tvær plötur á áttunda áratugnum sem eru fyrir löngu orðnar sígildar. Algjör sveppur kom út 1976 og Blessað stríðið sem gerði syni mína ríka kom 1977. Báðar voru þemaplötur sem mikið var lagt í. Allar hugmyndir og textar voru úr smiðju Gísla Rúnars, en tónlistin nýjar útsetningar af gömlum erlendum dægurlögum. Það sama á við um Í túrett og moll, nema að hún er ekki þemaplata heldur er farið um víðan völl í textunum.

Platan er skrifuð á Stefán Karl en hugmyndir, söngtextar og ritgerðir í plötubæklingnum koma frá Gísla Rúnari. Um útsetningar sér Veigar Margeirsson (eftir hugmyndum Gísla Rúnars) og um tónlistarflutning sér Veigar ásamt tíu manna hljómsveit. Stefán Karl hins vegar leikur og syngur öll aðalhlutverkin.

Í túrett og moll er bráðskemmtileg fjölskylduplata. Gísli Rúnar klikkar ekki í orðagríninu, söngur og leikur Stefáns Karls eru í hæsta gæðaflokki og lögin eru bæði vel spiluð og útsett. Í túrett og moll minnir á gamlar íslenskar grínplötur, aðallega plötur Ómars Ragnarssonar, plötu Halla, Ladda og Gísla Rúnars (Látum sem ekkert c) og svo fyrrnefndar þemaplötur Gísla Rúnars.



**FYNDNIR** Stefán Karl og Gísli Rúnar.

Textarnir koma víða við en orðhengilsgrínið er allsráðandi. Digga Digga Dú fjallar um áráttuhegðun, Nú hárið er sviðið fjallar um gamlárskvöld, Afavísur fjalla um afa sem getur ekki sofið og í Eru ekki allir í stuði eru bankahrunið og kreppan viðfangsefnið svo dæmi séu tekin.

**Trausti Júlíusson**





> John Cusack

„Það er sorglegt þegar fólk verður upptekið af persónulegu lífi leikara en það er ennþá sorglegra þegar leikararnir sjálfir halda að þeir séu merkilegri en hlutverkin sem þeir leika.“

***Cusack fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Martian Child sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR FRÆÐIST UM DÝRALÍF

# *Stríð er og á að vera eðlilegt ástand mannsins*

Ég hef nýlega gerst dýra- og náttúrulífsmyndafíkill, hvort sem þær eru á einhverri útlendri stöð eða á DVD. David Attenborough er í sérstöku uppáhaldi, enda bestur í sínu fagi. Seinustu kvöld hef ég sökkt mér í heim Planet Earth-þáttaraðarinnar. Ótrúlegir þættir þar sem brugðið er upp stórkostlegum myndum af stríði, kreppu, hungri og eymd í bland við gleði, ást og rómantík.

Maðurinn er undarleg skeppna. Einhverra hluta vegna heldur hún að hún sé frábrugðin öðrum skepnum. Að lögmál dýraríkisins eigi ekki við hana. Þess vegna er hungur hörmungarástand í samfélagi manna en eðlilegt ástand bjarnarmóður sem vaknar eftir veturinn og þarf að ala húnana sína á öllu sem hún á. Eða fílahjarðar sem ferðast fleiri kílómetra í leit að vatni og fuglahóps sem reynir að komast lifandi yfir Andesfjöllin.

Eins er stríð, barátta um völd, landsvæði, mat og drykk og einfaldlega það sem þarf til að lifa af nokkuð sem við teljum óeðlilegt.



**UMHYGGJA** Dýralífið er einnig fullt af umhyggju og ást, þótt lífsbaráttan sé háð daglega.

Samt er þetta daglegt brauð allra annarra skepna á plánetunni, margra hverra vegna ágangs okkar. Hvert einasta líf er í hættu, alla daga. Þannig er eðli heimsins, fæðukeðjunnar, náttúrunnar.

Við horfum á stríð og hugsum, hvílíkur hryllingur, hvílík grimmd. En þegar blettatígur bítur annan á barkann vegna landsvæðis hugsum við: „Magnað, stórfenglegt.“ Ég tala nú ekki um þegar ljón rífur í sig antílópu eða krókódíll dregur vísund niður í vatn og eyðir klukkustund í að drekkja honum.

Hver er þá munurinn á manni og skepnu? Er hann nokkur? Nema hugsanlega sá að við veltum okkur upp úr stríðinu sem er öllum verum eðlilegt, búum til stofnanir í kringum neyðina sem hungur er, rífumst um pólitík, gerum okkur upp dramatík og gleymum því að lífið er brothætt. Svo horfum við á aðrar dýrategundir og þeirra líf okkur til yndisauka og neitum að þekkja okkar dýrslega eðli þegar það birtist á skjánum.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.10** The Biggest Loser SKJÁREINN



▶ **20.30** ´Til Death STÖÐ 2



▶ **21.30** Trúður SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Aliens in America STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Good Luck Chuck STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (50:53)

**17.52 Herramenn** (1:13)

**18.02 Hrúturinn Hreinn** (35:40)

**18.10 Íslenski boltinn** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Skólaklíkur** (Greek) (8:10) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.

**20.20 Óvænt heimsókn** (Uventet besøg: Suður-Afríka) (4:7) Dönsk þáttaröð. Sjónvarpskonan og blaðamaðurinn Camilla Ottesen heimsækir Dani í útlöndum og bregður upp svipmynd af lífi þeirra.

**20.55 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi.

▶**21.30 Trúður** (Klovn) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Illt blóð** (Wire in the Blood V: Galdrar) (2:4) Breskur spennumyndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál.

**23.50 Minningarathöfn um Michael Jackson** Upptaka frá minningarathöfn um Michael Jackson sem haldin var í dag í Staples Center í Los Angeles.

**23.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 A Little Thing Called Murder**

**10.00 Home Alone**

**12.00 Martian Child**

**14.00 Failure to Launch**

**16.00 A Little Thing Called Murder**

**18.00 Home Alone**

**20.00 Martian Child** John Cusack leikur sálfræðing sem tekur að sér mál drengs sem heldur því fram að hann sé frá Mars.

▶**22.00 Good Luck Chuck** Rómantísk gamanmynd með Dane Cook og Jessicu Alba í aðalhlutverkum.

**00.00 V for Vendetta**

**02.10 Mississippi Burning**

**04.15 Good Luck Chuck**

**06.00 Addams Family Values**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego!, Krakkarnir í næsta húsi og Tommi og Jenni.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (15:26)

**09.55 Doctors** (16:26)

**10.25 Cold Case** (18:23)

**11.10 Gossip Girl** (17:18)

**11.50 Grey's Anatomy** (24:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (227:260)

**13.25 Ruffian**

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Barnatími Stöðvar 1** Sabrina - Unglingsnornin, Ben 10 og Go Diego Go!

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (23:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (20:25)

**19.45 Two and a Half Men** (24:24) Fjórða serían um bræðurna Charlie og Alan.

**20.10 Notes From the Underbelly** (5:13) Ný gamanþáttaröð um spaugilegu hliðarnar á barneignum. Andrew og Lauren hafa ákveðið að fjölga mannkyninu en það er víst enginn barnaleikur.

▶**20.30 ´Til Death** (6:15) Brad Garrett leikur óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús. En svo tókst með þeim hjónum ágætis vinskapur þar sem iðulega verður deginum ljósara hversu ólíkum augum miðaldra og ung hjón sjá hjónabandið, samskipti kynjanna og tilgang lífsins.

**20.55 Bones** (18:26)

**21.40 Little Britain** (3:6)

**22.10 My Name Is Earl** (15:22)

**22.35 The Sopranos** (23:26)

**23.25 The Closer** (10:15)

**00.10 Ruffian**

**01.40 Alzheimer Case**

**03.40 Sleepover**

**05.10 Little Britain** (3:6)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Reliant Stadium í Houston.

**18.55 Augusta Masters Official Film** Masters-mótið er eitt af risamótunum fjórum í golfi og óhætt er að segja að þar séu hefðirnar í hávegum hafðar. Þetta er eina risamótið sem fer ávallt fram á sama velli, Augusta National í Georgíu sem hannaður var af Bobby Jones. Sigurvegarar mótsins fá ævilangan þátttökurétt á mótinu auk græna jakkans.

**19.50 Celebrity Soccer Sixes** Óvenjulegt knattspyrnumót sem haldið var á Stamford Bridge, heimavelli Chelsea, en þangað mættu margar skærar stjörnur sem eru þekktar fyrir allt annað en að spila knattspyrnu. Meðal keppenda var boxarinn Joe Calzaghe.

**20.40 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational en það var Hermann Hreiðarsson sem stóð fyrir mótinu.

**21.20 Sterkasti maður í heimi 1982** Þáttur um keppnina sterkasti maður heims árið 1982. Íslendingar voru sem kunnugt er mjög sigursælir í keppninni hér á árum áður, fyrst Jón Páll Sigmarsson og í kjölfarið Magnús Ver Magnússon.

**22.20 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**23.15 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.30 Fulham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildini.

**21.10 PL Classic Matches** Arsenal - Chelsea, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.40 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**22.40 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.40 Fyndnar fjölskyldumyndir** (3:12)

**18.10 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.55 America's Funniest Home Videos** (44:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.20 Family Guy** (5:18) (e) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**19.45 Everybody Hates Chris** (6:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. (e)

▶**20.10 The Biggest Loser** (24:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Það er komið að stóru stundinni.

**21.00 Stylista** (6:9) Hér keppa efnilegir stílistar um eftirsótta stöðu hjá tískutímaritinu Elle. Í þættinum í kvöld verður litið um öxl og rifjað upp hvað gerst hefur til þessa. Auk þess eru sýnd fjölmörg atriði sem ekki hafa sést í þáttunum og sýna keppendurna í nýju ljósi.

**21.50 Stylista** (7:9)

**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (18:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.10 How to Look Good Naked** (1:8)

**00.00 CSI: New York** (12:21) (e)

**00.50 Home James** (1:10) (e)

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Umræður um pólitík líðandi stundar.

**21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

**21.30 Skýjum ofar** Í umsjón Dagbarts Einarssonar og Snorra Jónssonar

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.00

**Minningarathöfn um Michael Jackson, beint**



Stöð 2 extra sýnir beint frá minningarathöfn um Michael Jackson sem fer fram í Staples Center í Los Angeles. Nokkrar af stærstu stjörnum heims, vinir Jacksons og fjölskylda munu taka þátt í að minnast þessarar einstöku en umdeildu goðsagnar poppsins. Búist er við að yfir þrír milljarðar áhorfenda muni sameinast fyrir framan sjónvarpið um allan heim.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Herminator Invitational**

### Stöð 2 sport kl. 20.40

Stöð 2 sport sýnir frá góðgerðagolfmótinu Herminator Invitational sem Hermann Hreiðarsson stóð fyrir í Vestmannaeyjum í lok júní. Mótið sóttu margir, bæði þjóðþekktir og heimsþekktir einstaklingar en allur ágóði þess rann óskiptur til samtaka eins og Umhyggju, Barnaspítala Hringsins, Mæðrastyrksnefnd, Blátt áfram, SOS-barnaþorpa og Shoe4Africa.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Óvissuferð - allir velkomnir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Drottning hundadaganna
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarraddir
**21.20** Trompetmeistarar sveiflunnar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Gatan mín
**23.35** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.10 Hollyoaks** (227:260)

**16.35 Seinfeld** (5:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**17.00 Michael Jackson Memorial Service - BEINT** Bein útsending frá minningarathöfn um Michael Jackson í Staples Center í Los Angeles.

**20.00 Ally McBeal** (8:21) Elaine reynir að ættleiða yfirgefið barn og Ally sýnir á sér kynþokkafullu hliðina á jólahátíð fyrirtækisins.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

▶ **21.40 Aliens in America** (12:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin og sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.

**22.05 The End of the World** Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Ofurstormi af styrk sem aldrei hefur mælst áður vex ásmegin og ógnar öllu lífi á jörðinni. Eina leiðin til að stöðva eyðilegginguna er að hópur sérfræðinga fari beint í auga stormsins.

**23.30 So You Think You Can Dance**

**00.55 So You Think You Can Dance**

**02.00 Aliens in America** (12:18)

**02.25 Sjáðu**

**02.55 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** Blackadder II **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** Blackadder II **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** Blackadder II **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Lead Balloon **20.00** Waking the Dead **20.50** Gavin And Stacey **21.20** Lead Balloon **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Waking the Dead **23.55** Gavin And Stacey **00.25** Lead Balloon

## DR 1

**10.40** Venner på eventyr **11.10** Soren Ryge præsenterer **11.40** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Lille Nord **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** DR1 Dokumentaren - Ej blot til lyst **18.00** Så for sommer **18.30** Onskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejret **19.35** Aftentour 2009 **20.00** Blodrode diamanter **21.25** Kodenavn Hunter **22.25** Dodens detektiver **22.50** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.35** Evig din **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Gronn glede **17.55** Skjergardsmat **18.25** Kjære dagbok 1963 **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Extra-trekning **20.30** Skilt! **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sylvia **23.05** Si ja, bli min **23.35** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Författarporträtt **10.30** Med huvudduk och höga klackar **11.00** Vulkanens hemlighet **11.45** Lustgården **13.15** The Bedford Diaries **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pistvakt **15.25** Sjukan **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Allt ljus på **16.55** Cirkusliv **17.25** Anslagstavlan **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Norsk attraktion **21.05** Det nya landet **22.05** 1800-talet ut-och-in **22.45** Sändningar från SVT24




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það fer mikið eftir skapi og veðri en þessa dagana er ég aðallega að hlusta á Holly Golightly, nýja Wilco ásamt Here We Go Magic, Hudson Wayne og jafnvel Sk/um og Fleetwood Mac ef út í það er farið.“*

Valdís Thor, dreifingarstjóri hjá Kimi Records.

# Geta séð Björk í sturtu í Vesturbæjarlaug

Óvíst er hvort fjallagarpurinn, blaðamaðurinn og rithöfundurinn Páll Ásgeir Ásgeirsson myndi skrifa fyrir Íslendinga það sem hann lætur eftir sér í texta ætluðum erlendum túristum í bókinni The Real Iceland sem er nýútkomin. Páll Ásgeir var um helgina staddur á Hornströndum, utan kallfæris og því ekki hægt að inna hann eftir því. En í bókinni leiðir hann túrista í allan sannleika um Íslendinga, matarsiði þeirra og venjur og frægt fólk – þjóðarsálin í spaugilegu ljósi. Þannig segir Páll til dæmis frá því í bókinni að vilji ferðamenn sjá skýrt dæmi um það þegar smekkleysi og peningar fari saman þá sé Arnarnesið staðurinn. Þá er hætt við að fjölskyldu Bjarkar bregði í brún þegar þau uppgötva hvaða mynd er dregin af þeim í bókinni. Páll Ásgeir segir Hildi Rúnu Hauksdóttur vera sextíu ára gamlan hippa sem búi við Grettisgötu 40. „Þú ættir að knýja dyra og þykjast villtur. Nei, grín. Ekki gera það,“ skrifar Páll. Hann segir Íslendinga sem með sanni geti talist heimsfrægir rúmast í litlum japönskum bíl. Það væru þá Björk og Sigur Rós. Páll bendir ferðamönnum á að það sé ekki til siðs að umgangast frægt fólk öðru vísi en aðra óbreytta. En þó megi bregða á þetta ráð: „Heimili Bjarkar er jörðin en lögheimili hennar er við Ægisíðu 94. Þú getur tekið leigubíl og látið taka mynd af þér fyrir utan heimili hennar. Ef þú ert algerlega forfallinn. Uppkominn sonur Bjarkar, Sindri Eldon, sem Björk á með gítarleikaranum í Sugar Cubes – er sagður búa í húsinu stopult þó. Hann er lifandi eftirmynd móður sinnar en er þekktur fyrir stirt skap, svo ekki raska ró þeirra. Björk er oft á Íslandi og er sögð tíður gestur í Sundlaug Vesturbæjar. Þú gætir hugsanlega séð hana í sturtu þar,“ skrifar Páll – með þeim hætti að Eiríkur Jónsson, ritstjóri Séð og heyrt, hlýtur að velta því fyrir sér hvort Pál vanti ekki starf.

- jbg



**BJÖRK** Raunverulega frægir Íslendingar komast fyrir í japönskum smábíl. Björk er ein þeirra og hana má oft sjá í sturtu í Vesturbæjarlauginni, að sögn Páls Ásgeirs.



**PÁLL ÁSGEIR** Strýkur hugsanlega þjóðarsálinni öfugt í bók þar sem hann gefur erlendum ferðamönnum ýmis ráð.



**LÁRÉTT 2.** svín, **6.** úr hófi, **8.** stykki, **9.** fuglahljóð, **11.** í röð, **12.** veiðarfæri, **14.** dútl, **16.** hola, **17.** atvikast, **18.** bók, **20.** frá, **21.** ból.

**LÓÐRÉTT 1.** hlið, **3.** í röð, **4.** tungumál, **5.** skjön, **7.** inngangskafli í tónverki, **10.** ot, **13.** sníkjudýr, **15.** hugga, **16.** heyskaparamboð, **19.** drykkur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** grís, **6.** of, **8.** stk, **9.** rop, **11.** aá, **12.** troll, **14.** stúss, **16.** op, **17.** ske, **18.** rit, **20.** af, **21.** flet. **LÓÐRÉTT: 1.** port, **3.** rs, **4.** ítalska, **5.** ská, **7.** forspil, **10.** pot, **13.** lús, **15.** sefa, **16.** orf, **19.** te.










**HVER ÞARF HENDUR?** Hundurinn Dímon spyrnir vel í Spröngunni. Eigandinn Marika leyfir honum að spranga á hverjum degi.

MYNDIR/ÓSKAR

MARIKA FEDOROWICZ: Á ROTTWEILERHUND MEÐ SÉRSTAKT ÁHUGAMÁL

# Hundinum Dímon finnst skemmtilegast að spranga

Hundurinn Dímon veigrar það ekki fyrir sér að spranga í Vestmannaeyjum. Eigandinn segist vera stoltur af hundinum og vonast til að hann geti kennt öðrum dýrum að spranga.

„Hann er alltaf sprangandi, hann bara elskar það. Þetta er það skemmtilegasta sem hann gerir. Hann er ekkert hrifinn af boltum eða öðru slíku, hann vill bara spranga,“ segir Marika Fedorowicz, eigandi Dímons. Þau fara að spranga á hverjum degi, en þurfa stundum að bíða færis ef þröng er á þingi. Dímon bítur eða stekkur í reipið og spyrnir í, eins og alvanur Eyjamaður á Spröngunni svokölluðu.

Dímon er tveggja ára Rottweiler, en Marika keypti hann í Reykjavík fyrir einu og hálfu ári. Hann kynntist ekki aðaláhugamáli sínu fyrr en komið var til Vestmannaeyja. „Við vorum bara að labba þegar hann sá fólk spranga í fyrsta skipti. Hann varð alveg óður þannig að við fórum aftur og ég leyfði honum að prófa. Ég vissi ekki að honum fyndist þetta skemmtilegt. Það kom mér mjög á óvart auðvitað, hvaða hundur sprangar?“ Þau Marika og Dímon eru því alsátt í Eyjum.

Hún segir Dímon ekki réttnefni. „Af því að hann er Rottweiler heldur fólk að hann sé grimmur. Hann er það alls ekki, hann er mjög góður hundur.“

Hún segir vegfarendur reka upp stór augu þegar þeir sjá til hans. „Auðvitað. Það eru allir mjög hissa á þessu.“ Hún veit ekki til þess að nokkur annar hundur geri þetta.

Sjálf er hún hrædd við að spranga. „Ég gerði það einu sinni og dó næstum. Ég datt og mig langar ekki til þess síðan.“ Er hundurinn þá hugrakkari en eigandinn? „Algjörlega, og hann er miklu sterkari en ég,“ segir Marika og hlær.

Mariku dreymir um að stofna dýrahótel í Vestmanneyjum. „Ég er alin upp í kringum hunda og ég elska þá. Ég elska öll dýr. Kannski þegar kreppan er liðin, en ekki nákvæmlega núna.“ Kannski Dímon geti þá kennt hinum dýrunum að spranga? „Kannski. Hann er rétti kennarinn.“

kbs@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Katrín Rut Bessadóttir** mældi göturnar ei lengi eftir að þátturinn Mér finnst… á ÍNN var settur á ís. Katrín hefur verið ráðin á Smuguna og kemur þar inn fyrir Björgu Evu Erlendsdóttur ritstjóra sem á í önnum sem ritari flokkahóps vinstri sósíalista og grænna í Norðurlandaráði.

Ragnar Bragason leikstjóri veit sem er að það er fullkomlega eðlilegt að breyta um skoðun. Eftir Dagvaktina gaf hann út þá yfirlýsingu að ekkert framhald yrði á þessari vinsælu sjónvarpsseríu en senn lítur þriðja syrpan, Fangavaktin, dagsins ljós. Kvikmynd er í vinnslu og nú heyrir Fréttablaðið að aðdáendur þeirra Georgs, Ólafs og Daníels fái hugsanlega bók þar sem þeir eru til umfjöllunar en **Jón Gnarr** mun vera að velta þeim möguleika fyrir sér að setjast að skriftum sem byggja á þessum söguheimi.





**Haffi Haff** er að slá rækilega í gegn á Möltu þar sem hann kom fram á mikilli fegurðarsamkeppni. Möltubúar taka Haffa opnum örmum og var mikið innslag í maltneska sjónvarpinu þar sem rætt var við Haffa og Írisi Hólm auk þess sem lagið Give me sexy var spilað með og undir.

Annar sem er kátur þessa dagana er **Pálmi Guðmundsson**, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, en í síðustu viku mátti RÚV þola minna áhorf í aldurshópnum 12 til 49 ára samkvæmt Capacent. Og vilja Stöðvar 2 menn meina að það sé saga til næsta bæjar þegar læst sjónvarpsstöð er með meira áhorf en skyldustöð frá ríkinu – sem nú virðist í sumardróma. - jbg








# Bubbi opnar Gay Pride í ár

„Ég ætla að syngja um hommann sem býr í öllum karlmönnum. Verið kræfur til kvenna? Jájá, en það gerir að verkum að maður skilur hommana. Neinei, ef við hættum að fíflast þá snýst þetta um að gangast við mennskunni í sjálfum sér og sjá tærleikann í vatninu,“ segir Bubbi Morthens.

Bubbi kemur fram fyrsta sinni á Gay Pride og mun opna hátíðina 6. ágúst í Háskólabíói. Bubbi gengur glaður til þess verkefnis. „Ég vona bara að einn daginn opni Árni Johnsen Gay Pride. Það væri ekki slæmt fyrir hann að láta sauma bleikan þríhyrning í jakkann sinn og syngja. Blóðið í okkur öllum er rautt. Og hjartslátturinn sá sami. Þetta snýst um að gleðjast yfir því að öll erum við mennsk.“

Árið 1984 söng Bubbi eftirminnilega um Strákana á Borginni. Á þeim tíma voru málefni homma og lesbía miklum mun meira tabú en nú. „Ég man eftir atviki á Hótel Holti. Þar voru hjón sem svívirtu mig hátt og snjallt í matsalnum fyrir framan alla. Þeim var reyndar vísað á dyr. En það kom fyrir á þeim árum að maður fékk svívirðingar fyrir að hafa samið og sungið þetta lag. Svo gerði ég lag sem heitir Bleikir þríhyrningar sem er á plötunni Þrír heimar, ef ég man rétt. Jájá, ég hef allaveganna blandað mér í þessa umræðu. En þetta verður gaman.“ - jbg



**BUBBI MORTHENS FYRSTA SINNI Á GAY PRIDE** Opnar hátíðina og hyggst syngja um hommann sem býr innra með hverjum karlmanni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



7 DAGA TILBOÐ
20.000 AFSLÁTTUR
ALLTAF BETRA VERÐ
15.6"
acer emachines FARTÖLVA
109.990
Acer eMachine E725-423G25MI
2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 3GB (2048+1024 MB) DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár • Intel Graphics Media Accelerator 4500M skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél í skjá • DVD±RW, CD-RWskrifari • 2xUSB2, kortalesari, VGA, SPDIF o.fl. • Windows Vista Home Premium
FULLT VERÐ KR. 129.990
13.3"
acer TIMELINE
Acer Aspire 3810T-944G32N
1.4GHz Intel ULV Core 2 Duo SU9400 örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • 13,3" TFT WXGA LED skjár • Intel Graphics Media Accelerator 4500MHD skjákort • Þráðlaust netkort • 3xUSB 2.0, VGA, HDMI, Express Card o.fl. • Windows Vista Home Premium
Rafhlaða endist allt að 8 tíma
199.990
acer FARTÖLVA
17.3"
Acer Aspire 7735ZG-424G50MN
2.0GHz Intel Core Duo T4200 Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA diskur • 17.3" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort með HyperMemory • Þráðlaust netkort • High Definition hljóðkerfi • 5x1 kortalesari, 4xUSB 2.0, EasyPort IV, HDMI, VGA, ExpressCard/54 o.fl. • Windows Vista Home Premium
169.990
ÍSLENSKT LYKLABORÐ
Logitech Media 600
Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og USB tengi. Svart.
5.990
HÁTALARAR
Logitech X-140
10w margmiðlunarhátalarar með skýrum tón góðum bassahljómi. Aukatengi fyrir MP3 og CD spilara. Heyrnartólstengi.
Logitech
7.990
UNITED
MEDIASPILARI 720/1080i
United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengjum. Innb. SD/MMC kortalesari og USB Uplink.
14.990
acer LCD SKJÁR
19"
Acer V193WAb
19" LCD breiðtjaldsskjár, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu og 5ms svartíma. Svartur.
24.990
EPSON FJÖLNOTATÆKI
Epson Stylus BX300F
Prentari, skanni og fax. Prentar A4 í 5760 x 1440p og skannar í 1200 x 2400p.
19.990
msi
SKJÁKORT
MSI ATI Radeon R4890-T2D1G-OC DDR5
1024MB skjákort. 3996MHz GDDR5 minni, 880MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI, VIVO ofl.
46.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



LYFJA - Lifið heil

Opið 07 til 01
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**

Karenar D. Kjartansdóttur


## *Crocks ganga aftur*

Frekar myndi ég treysta honum Sigurjóni fyrir peningunum mínum en þér.“ Eitthvað á þessa leið hljómaði þýðing á frasa úr enskri tungu í sjónvarpsþætti um daginn. Ég skellihló yfir orðtakinu þar sem ég taldi það vísa til þess að einhver kynni svo illa með peninga að fara að betra væri að afhenda Sigurjóni Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, þá til varðveislu og ávöxtunar.

**ÞÝÐINGIN** þótti mér líka eitt af kærkomnum afsprengjum bankahrunsins. Öllu leiðinlegra þykir mér þegar fólk talar um að eitthvað sé á „gamla genginu“ eða að eitthvað sé „gasalega 2007“. Skyndilega gat hvaða búllueigandi hækkað verð svívirðilega og gerði viðskiptavinurinn athugsemdir var þeim samstundis mætt með svari um að það væri nú ekki hægt að heimta „gamla gengið“ á vörur nú til dags. Engu máli virtist skipta hvort varan væri ættuð úr Flóanum eða New York, hvað þá að verðhækkunin væri í einhverjum takti við raunverulega gengislækkun krónunnar. Segi einhver að hlutur sé „svolítið 2007“ fylgir svo yfirleitt skömmustusvipur eins og viðkomandi hafi gert eitthvað af sér það ár.

**Í FYRSTA** lagi þykir mér ekkert tiltökumál að takast á við verðhækkanir séu þær í takti við gengisþróun. Bankahrunið átti þó ekki að veita hvaða manneskju í rekstri leyfi til að ganga á réttindi starfsmanna sinna og snuða kúnna sína eins og margir virðast halda. Í öðru lagi þá segir ártalið 2007 mér ekkert meira en árið 2006 eða 2005. Það snerti mig ekkert að heyra að einhver útrásarvíkinganna hefði látið setja leðurhimnasæng í einkaþotuna sína, fengið hægðatregðu eftir að hafa étið súkkulaðibúðing blandaðan gullflögum eða eitthvað annað sem þeim gat látið sér detta í hug, eins og að fá milljarða lán frá bankanum sínum til að eyða peningum í.

**SJÁLF** keypti ég ekkert sérstakt árið 2007 og tel því ekki að ég þurfi að setja upp hundshaus heyri ég minnst á tímabilið. Í raun minnist ég þessa árs helst sem ársins sem Crocks-skórnir komust í tísku. Crocks voru afspyrnu ljótir, áberandi og dýrir skór sem fjöldi venjulegs fólks lét sig hafa út í að kaupa í nafni tískunnar og reyndi jafnvel að telja sér trú um að þeir væri smart og fínir. Birtingarmynd góðæris almennings árið 2007 finnst mér því helst felast í þessum skærlituðu, klossuðu plastskóm. Fólk lét hafa sig út í eitthvað sem er óumdeilanlega ljótt, í besta falli hlægilegt.

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er þriðjudagurinn 7. júlí 2009, 188. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.19 | 13.32 | 23.44 |
| Akureyri | 2.23 | 13.17 | 0.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


